

THE DELTA KAPPA GAMMA SOCIETY INTERNATIONAL

FÉLAG KVENNA  
Í FRÆÐSLUSTÖRFUM  
20 ÁRA



Landssamiband  
Félags kvenna í fræðslustörfum  
1997

DELTA KAPPA GAMMA INTERNATIONAL

FÉLAG KVENNA  
Í FRÆÐSLUSTÖRFUM  
20 ÁRA

*Ritstjórar*  
*Pálína Jónsdóttir*  
*Puríður J. Kristjánsdóttir*

1997

# Orð til umhugsunar

„Að fortíð skal hyggja,  
ef frumlegt skal byggja,  
án fræðslu þess líðna  
sést ei, hvað er nýt.“

segir Einar Benediktsson í ljóði sínu Aldamót. Þar er hann að horfa fram til nýbyrjaðrar aldar og óttast að menn vanmeti það sem áunnist hefur. Baráttá þeirra sem á undan eru gengnir kunní að gleymast og unga kynslóðin telji allt fánýtt sem gamalt er. Kvennasaga er sérlega viðkvæm fyrir slíkum viðhorfum því konur eru oft á tímum sjálfar tregar til að skrifa niður það sem áunnist hefur í þeirra störfum og baráttu og finnst þeirra viðfangsefni taepast hafa sagnfræðilegt gildi. Afleiðingin er sú að framtíðin getur ekki metið réttilega þann mikla skerf sem konur hafa lagt til mála á hinum ýmsu svíðum þjóðfélagsins í áranna rás.

Delta Kappa Gamma Society International var stofnað árið 1929 af konum í Bandaríkjunum, rúmum aldarfjórðungi eftir að ljóð Einars Benediktssonar var ort. Tilgangur félagsins var að styrkja konur í störfum á svíði menntamála. Þessir frumkvöðlar fundu að þörf var fyrir samtakamátt þeirra sjálfrar. Engir voru líklegir til að styrkja og efla fagvítund þeirra sjálfrar og um leið þekkingu samfélagsins á mikilvægi starfa þeirra ef þær ekki gerðu það sjálfar.

Félag kvenna í fræðslustörfum, hinn íslenski armur ΔKG, er nú liðlega 20 ára. Þessi ár eru ekki langur timi í heimssög-



unni en þetta er talsvert langur tími í sögu kvenna í forsvari fyrir menntamálum íslensku þjóðarinnar. Ótrúlega margt hefur breyst á þessum 20 árum. Nú vekur það ekki lengur athygli að kona sé skólastjóri eða í forsvari fyrir þróunar- og stjórnunarstörfum innan menntakerfisins eins og var þegar samtökin tóku sér bólfestu hér á landi.

Þegar litið er til baka er ég ekki í vafa um að samtökin hafa beint og óbeint stutt við þá gríðarlegu þróun sem átt hefur sér stað með því að vera vettvangur fyrir faglega umraðu og fræðslu. Félagskonur hafa styrkt hver aðra, kynnst innbyrðis og efti metnað og framsýni sín á meðal. Þetta rit á að varpa örlistu ljósi á þá starfsemi sem konur innan þessara samtaka hafa beitt sér fyrir frá upphafi. Hin ósýnilega saga er þó enn merkilegri og verður aðeins metin í ljósi þess sem samtökin hafa gefið hverjum einstaklingi.

Um leið og ég óska okkur til hamingju með afmaelið, á ég þá ósk heitasta að samtökin nái að breiðast út þannig að fleiri og fleiri konur geti sótt styrk og félagsskap til annarra kvenna sem gengið hafa til liðs við Delta Kappa Gamma og hugsjónir samtakanna.

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir  
Forseti Landssambands ΔKG  
1995-1997



Eg ásna Delta Kappa Gamma  
á Íslandi heilla á 20 ára afmeli.  
Megi þetta trausta og lærdómsríka  
félag kvenna í fræðslustörfum  
dafna; bráðag lengd.

Niðdis Þimbogadóttir



Dr. Annie Webb Blanton  
Stofnandi Delta Kappa Gamma

## Markmið

Delta Kappa Gamma eru:

1. Að efla tengsl kvenna sem vinna að fræðslustörfum viðs vegar í heiminum.
2. Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju svíði menntamála.
3. Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
4. Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál allmennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
5. Að veita konum sem skara fram úr f menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
6. Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
7. Að fræða félaga um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnsmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

# ÁGRIP AF SÖGU ALPJÓÐASAMTAKANNA

THE DELTA KAPPA GAMMA SOCIETY INTERNATIONAL, eins og samtökum heita núna, var stofnað í Austin, Texas, 11. maí 1929 af dr. Annie Webb Blanton og 11 öðrum konum í fræðslustörfum. Markmið þeirra var að rækta sjálfa sig, efla starfsáhuga og bæta stöðu kvenna í fræðslustörfum.

Dr. A. W. Blanton bardist fyrir kosningarétti kvenna og jafnrétti á öllum sviðum. Það hefur verið sagt um hana að hún hafi alltaf verið í fararbroddi þegar um var að ræða breytingar til gagns fyrir menntun og stöðu kvenna. Hún beið ekki eftir breytingunum - hún kom þeim á. Konur í fræðslustörfum mættu taka hana sér til fyrirmynðar.

Stofnendurnir gerðu sér fulla grein fyrir því að samtökum myndu verða fyrir gagnrýni og nokkrar konur, sem höfðu verið valdar sem stofnendur, höfnuðu boðinu. Þær trúðu ekki á hugmyndina, töldu sig ekki hafa tíma til að taka þátt í félagsstarfinu eða óttuðust gagnrýni vinnuveitenda sinna.

I kennarastéttinni var kynjamismunun nánast regla, ekki undantekning. Á öllum skólastigum var konum neitað um stöðuhækkanir. Skólastyrkir félú venjulega karlmönnum í hlut. Þegar konur giftu sig urðu þær oftast að hætta störfum sem kennarar. Konur voru sjaldan kosnar í embætti eða stjórnir fagfélaga kennara. Stofnendurnir töldu að breytingar gætu því aðeins átt sér stað að konur í fræðslustörfum sameinuðust í sínum eigin faglegu samtökum.

Dr. Annie Webb Blanton skrifar: „Ég

gerði mér grein fyrir að í kennarastéttinni höfðu konur ekki sömu tekifæri og karlkyns starfsfélagar þeirra. Og það var varla haegt að búast við því að þeir gæfu konum jafna möguleika ef þær sjálfar gerðu ekkert til leita réttar síns.“

Pessvegna var nauðsynlegt að konur í fræðslustörfum mynduðu sín eigin samtök til að vinna að hagsmunamálum sínum. Pessar aðstæður - árið 1929 - mótuðu upphafleg markmið samtakanna.

I fyrsta markmiðinu stóð m.a.: Að sameina konur sem hafa sýnt ágæti sitt í kennslustörfum, auka samheldni þeirra og samstarfsvilja, viðhalda þeirri hugsjón að það sé skylda hvorrar konu að leggja sig fram við að auka gæði kennslunnar og að tryggja konum sanngjörn vinnuskilyrði í skólastarfi.

Í því þriðja stóð m.a.: Að stuðla að æskilegri skólolöggið í þeim tilgangi að bæta skólana, afla viðurkenningar á störfum kvenna í kennslu og bæta starfskilyrði þeirra, minnka og að lokum afnema alveg kynjamisrétti í fræðslustörfum.

Núna eru markmið samtakanna sett fram í 7 greinum, sjá bls 5, áherslurnar hafa breyst smávegis, en meginhugsunin er sú sama.

Dr. Blanton gerði sér fljótlega grein fyrir því að næsta verkefni hennar væri að stofna fleiri ΔΚΓ-deildir, fyrst í Texas og síðan í fleiri ríkjum Bandaríkjanna. Og hún eyddi tíma, kröftum og eigin fjármunum til þess að ferðast um og stofna deildir. Hvarvetna var henni vel tekið og konur í fræðslustörfum voru

ánaegðar með að fá tekifæri til að ræða áhugamál sín, bætt skólastarf og betri starfsskilyrði. Möttökurnar veittu dr. Blanton kjark og hún fór að hugsa til að gera félagið að alþjóðlegum samtökum.

A 16 árum sá hún félagið stækka úr cinni deild í einu ríki í 625 deildir í 49 ríkjum Bandaríkjanna, úr 12 stofnendum í 23 þúsund meðlimi.

Dr. Annie Webb Blanton dó 2. okt. 1945, en andi hennar svífur enn yfir vötnunum í Alþjóðasamtökum ΔΚΓ.

Alþjóðleg útbreiðsla samtakanna höfst í Kanada 1952. Síðan hafa verið stofnaðar deildir í Mexico, Costa Rica, El Salvador, Guatemala og Puerto Rico. Fyrsta deildin í Evrópu var stofnuð í Noregi 1970, síðan bættust við Svíþjóð, Finland, England, Ísland, Holland og nái síðast Þýskaland.

Þegar stofnuð voru landssambond utan Bandaríkjanna voru samtökum gerð að alþjóðlegum samtökum. DELTA KAPPA GAMMA SOCIETY INTERNATIONAL. Þetta eru stærstu samtök kvenna í fræðslustörfum með um 160.000 félögum í rúmlega 3000 deildum bæði í Ameriku og Evrópu.

Það hefur lengi verið baráttumál evrópskra félagskvenna að Evrópa verði sérstakt svæði. Rökin fyrir þeirri ósk eru, að það sé ódýrara fyrir félagana að hittast í Evrópu og halda sín svæðisþing þar heldur en að fljúga til Bandaríkjanna og auk þess hafi Evrópubúar sameiginlegan menningarbakgrunn sem leiði til skyldra áhugamála og meiri skilnings. Bandaríkin skiptast í 4 svæði og tilheyra hinar aðildarþjóðirnar einhverju þessara svæða, Ísland t.d. NA-svæðinu og England SA-svæðinu. Framkvæmdar Það Alþjóðasamtakanna samþykkti 23. júlí sumarið 1996 að Evrópa verði fimmsta svæðið og það kemur til framkvæmda með lagabreytingu 1998.

Annaðhvort ár, þegar ártalið endar á jafnri tölum, hittast félagar á alþjóðapingu

og þar eru m.a. afgreiddar lagabreytingar fjórða hvert ár. Það er einstök upplifun að taka þátt í alþjóðapingu samtakanna ásamt 2-3 þúsund öðrum konum í fræðslustörfum. Það gefur tilfinningu fyrir að vera meðlimur í fjöldahreyfingu þar sem allir eru að vinna að sömu markmiðum.

Svæðisþing eru haldin á oddatöluárinu og þangað koma m.a. nýir landssambandsforsetar. Þar fá þeir kynningu á Alþjóðasamtökunum og hlutverki þeirra sem til forystu veljast í hverju landi. Svæðisþing NA-svæðisins verður í fyrsta sinn haldið utan Bandaríkjanna sumarið 1997, þ.e. í Stokkhólmi 9.-12. júlí. Vonandi fjölmenna félagar úr Evrópu þangað til að sýna áhuga á evrópsku samstarfi.

Heiti samtakanna DELTA KAPPA GAMMA eru upphafsstafirir í grískum orðum. DELTA er fyrsti stafurinn í grísku orði sem þýdir kennarar, KAPPA fyrsti stafurinn í orði sem merkir lykill, GAMMA fyrsti stafurinn í orði sem merkir konur. Orðin tákna því konur í lykilstöðu í fræðslumálum.

Konum er boðin þátttaka í samtökum, konum sem hafa sýnt áhuga og hæfni í starfi sínu. Frá byrjun var ákveðið að velja félaga í hverja deild frá mismunandi skólastigum allt frá leikskóla og upp í háskóla og að sem flestar námsgreinar og störf i skólakerfinu ættu þar fulltrúa. Pessi tilhögur hefur reynst styrkur samtakanna og stuðlað að heildarsýn og skilningi félaganna á skólastarfi á öllum sviðum: stjórnun, fjármögnun, skipulagi og framkvæmd.

Samtökum verja árlega miklum fjármunum til styrkja og viðurkenninga af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna:

**Námsstyrkir til ΔΚΓ félaga** (Scholarships Awards): Umsækjendur þurfa að hafa verið félagar í ΔΚΓ í minnst 2 ár og vera skráðar í framhaldsnám við viður-

kennda stofnun. Þær sem vinna að doktorsritgerð ganga fyrir. Núna eru veittir árlega 23 styrkir, hver að upphæð 5.000 dollarar. Þjárlenskar konur hafa fengið þennan styrk.

**Námsstyrkir til annarra en ΔΚΓ félaga** (World Fellowships): Árlega eru veittir styrkir til erlendra kvenna sem stunda nám í Bandaríkjunum eða Kanada. Hingað til hafa 384 konur frá 70 löndum fengið þennan styrk, þ. á m. 6 íslenskar konur.

**Höfundaverðlaun** (Educator's Award): Árlega er einum eða fleiri rit höfundum veitt 2.000 dollara verðlaun. Verðlaunahafar eiga að vera frá aðildarlöndum ΔΚΓ en þurfa ekki að vera meðlimir.

**Gullsjóðurinn** (Golden Gift Fund): Í tilefni af 50 ára afmæli DELTA KAPPA GAMMA SOCIETY INTERNATIONAL var gerð ætlu um að félagar leggðu fram 1 dollara hver í 5 ár og mynduðu álitlegan afmælissjóð. Þetta tókst og honum er varið í eftirtalin verkefni:

1. Til að halda stjórnunarnámskeið árlega fyrir félaga ΔΚΓ. Til þess eru notuð 75% af tekjum sjóðsins og allur kostnaður þáttakenda greiddur.

2. Til að styrkja félaga sem sækja viðurkennd alþjóðaþing þar sem fjallað er um áhugamál samtakanna, fræðslu, stöðu kvenna o.s.frv.

3. Til að styrkja styttra sérnám eða þjálfun á ákveðnu sviði án kröfu um prófgráðu.

**Sjóður til að kosta fyrirlesara** (International Speakers Fund): Hver félagi greiddi 1 dollara einu sinni í þennan sjóð og sjóðurinn greiðir ferðakostnað fyrir fyrirlesara sem landssamband getur beðið um en landssambandið sjálf ber kostnað af dvöl hans.

Samtökin gefa út fréttablað, ΔΚΓ NEWS, sem kemur út 8 sinnum á ári og flytur fréttir af starfsemi samtakanna. Ársfjórðungsritið **Bulletin** er fagfímarit sem höfðar til áhugamála félagskvenna.

Í samtökunum eru ýmsir síðir í heiðri haldnir. Inntaka nýrra félaga fer t.d. fram við hátiðlega athöfn þar sem þeir lofa að halda markmið samtakanna og vinna að framgangi þeirra. Nýr félagar fá afhent barmmerki, lykil, sem er tákni samtakanna.

Lykillinn er gyllt-ur sporbaugur sem táknað skipulagningu og virkni í starfi. Yfir grísku stöfunum ΔΚΓ er lárvíðarsveigur sem táknað að stefnt skuli að ágæti í starfi og undir þeim er bikar, bikar þekkingarinnar, tákni fræðslustarfins.


Skjaldarmerki samtakanna er rauður skjöldur með gyltum borda og á honum



3 rósir, auk þess tákni: lampi, tákni menntunar, opin bók, tákni þekkingar, lárvíðarsveigir, hefðbundið tákni afreka, bikarinn, tákni fræðslustarfins (þekkingar) og gylltur vafningur, tákni innsaeis.

Litir samtakanna eru rauður, tákni hug-rekkis, og gylltur, tákni tryggðarinnar við meðlimi og hugsjónir samtakanna.

Blóm samtakanna eru rauðar rósir sem tákna vináttu, trúmannsku og hjálpssemi.



Aðalstöðvar Delta Kappa Gamma International í Austin, Texas.

Deildir bera nöfn grísku bokstafanna í stafrófsröð eftir því sem þær eru stofnaðar, þannig að fyrsta deild í nýju landi eða fylki heitir Alfa, sú næsta Beta o.s.frv.

Samtökin eru byggð þannig upp að minnsta einingin er deild, deildir mynda landssamband, landssamböndin eru saman í svæðum, sem verða fimm þegar Evrópa er orðin að sérstöku svæði.

Á alþjóðaþingi er kosin stjórn samtakanna til tveggja ára. Auk þess eru starfandi margar nefndir á vegum samtakanna, sem gera grein fyrir störfum sínum á alþjóðaþinginu.

Aðalstöðvar samtakanna eru í Austin, Texas.

Pálína Jónsdóttir

# SAGA ΔΚΓ Á ÍSLANDI Í HNOTSKURN

Í september 1975 fékk Guðrún P. Helgadóttir skólastjóri bréf frá bandarískri konu sem kvaðst heita Marie Pierce og vera útbreiðslufulltrúi alþjóðasamtaka kvenna í freðslustörfum, samtaka sem kenni voru með grísku stöfunum ΔΚΓ - Delta Kappa Gamma. Erindi bréfsins var að kynna samtökum með það í huga að stofna deild á Íslandi. Guðrún svaraði bréfinu og taldi tormerkni á að hér yrði stofnuð deild, einkum vegna annrifkis allra sem að þessum málum ynnu. Hún tók hins vegar vel í að koma frú Pierce í samband við einhverjar konur ef hún samt sem aður kæmi hér við á leið sinni yfir hafið.

Í nóvember sama ár kom Marie Pierce til landsins og aður en við fengum vörnum við komið var hún búin að stofna hér Alfa-deild, búin að kveðja og farin. Eftir sáum við, 18 konur, og vissum minnst um hvaða félagskap við vorum komnar í. Ég held að það hafi einkum verið tvennt sem hreif okkur, annað var töfrandi persónuleiki Marie Pierce, hitt var að þessi samtök voru ekki bundin neinu ákveðnu skólastigi. Þetta voru samtök kvenna sem unnu að freðslumálum frá leikskóla til háskóla og við stofnanir tengdar skólakerfinu. Okkur var því ljóst að samskiptin myndu víkka sjóndeildarhring félagskvenna.

Hér á eftir verða helstu viðburðir tuttugu ára sögu okkar raktir í annálsformi.

1975, 7. nóvember. Alfa-deildin stofnud af frú Marie Pierce, útbreiðslustörfu samtakanna.

1976, sumar. Þuriður J. Kristjánsdóttir

sótti alþjóðaþingið í boði Iowa. Þingið var haldið í St. Louis í Bandaríkjum.

1977, 28. mars. Landssamband stofnud af dr. Inez Jeffery, útbreiðslustörfu samtakanna. Viðstaddir voru um 50 konur frá Bandaríkjum og Kanada. Stjórn Alfadeilda var falið að vera jafnframt braðabirgðastjórn landssambands.

1977, 2. júní. Betadeild stofnuð á Akureyri.

1977, 5. júní. Gammadeild stofnuð í Reykjavík með félögum úr Reykjavík og nágrenni.

1977, 16. október. Fyrsti fundur landssambands haldinn í Munaðarnesi. Fyrsta formlega stjórnin kosin. Farið yfir þýðingu á lögum og nefndamál rædd og einfölduð.

1978, sumar. Kristín Halla Jónsdóttir sótti alþjóðaþingið sem haldið var í Chicago.

1978, 4. nóvember. Aukalandsfundur haldinn í Ölduselsskóla í Reykjavík. Rætt hvað gera skyldi á ári barnsins.

1979, 5. maí. Þuriður J. Kristjánsdóttir sat fund í Oslo með félögum frá hinum Norðurlöndunum. Almenn ánægja kom fram með félagskapinn en talið að ýmislegt þyrti að laga að síðum og venjum okkar í Evrópu.

1979, júlí. Fyrsta fréttabréfið kom út.

1979, júlf. Hópur Delta Kappa Gamma félaga frá Norður-Ameriku kom til Íslands, einkum til að skoða landið en einnig til að hitta félaga hér.

1979, 15. - 16. september. Landssambandsþing í Belamerkurskóla í Eyjafirði. Betadeild sá um undirbúning. Tvö meg-

inefni: Tónmennt í skólamálum, framsögu höfðu Hlín Torfadóttir og Sigríður Pálmadóttir, og leikir barna, framsögu höfðu konur í Beta-deild.

1979, haust. Í framhaldi af umraðum á landssambandsþingi var send áskorun til menntamálaráðuneytis þess efnis að Kennaraháskolanum verði gert kleift að bjóða upp á allar greinar grunnskóla sem valgreinar, þar með tónmennt og íþróttir.

1980, 16. mars. Anna Belle Hamilton, 2. varaforseti samtakanna, kom til Reykjavíkur og sat sameiginlegan fund Alfa- og Gammadeilda.

1980, sumar. Pálína Jónsdóttir, forseti landssambandsins, sótti námskeið í „Purposeful living“ í Ottawa og í beinu framhaldi að því alþjóðaþingið í Detroit.

1980, 24.-27. september. Dr. Yvonne Weber frá Pittsburg kom hér. Hún hafði fengið styrk til að vinna að úttekt á störfum ΔΚΓ og gera tillögur um úrbetur. Hún hélt fund með framkvæmdaráði og hélt einnig opinberan fyrirlestur.

1981, 8.-10. maí. Landssambandsþing í Munaðarnesi. Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, var tekin í samtökum sem heiðursfélagi við hátiðlega athöfn. Framsöguindi um myndlist og sam-



Norrænar ΔΚΓ-konur á Bessastöðum.

þettingu hennar við aðrar greinar hafði Anna Þóra Karlssdóttir, um gengi nemenda í grunnskóla og tengslin við framhaldsskóla hafði Sigríður Þ. Valgeirs dóttir og um erlendar og innlendar hugmyndir um nýjungrar í skólamálum Pálína Jónsdóttir.

1981, maí. Forseti samtakanna, Sarah Tobolowsky, hafði hér viðkvöld á leið til Noregs. Hún reðdi við stjórnarkonur landssambands og kom á sameiginlegan fund Alfa og Gammadeilda.

1981, 28. - 31. maí. Alþjóðasamtökum boðuðu vinnufund í Oslo fyrir Norðurlönd. Fundurinn var að öllu kostaður af samtökunum. Frá Íslandi fóru Pálína Jónsdóttir forseti landssambandsins, Anna Kristjánsdóttir gjaldkeri og formenn deilda, Sigríður Þ. Valgeirs dóttir frá Alfa, Þórunn Bergsdóttir frá Beta og Hertha W. Jónsdóttir frá Gamma.

1982. Sumar. Kristín Halla Jónsdóttir sótti stjórnunarnámskeið í Waco í Texas, námskeiðið var kostað af Gullsjóði samtakanna.

1982. Beatrice O'Brien, formaður útbreiðslunefndar samtakanna, kom í heimsókn.

1983, 27. maí. Ann-Charlotte Melin,



Áhugasamir félagar á Vorstefnu 1990.

Evrópufulltrúi ΔΚΓ, sem hafði verið á námskeiðinu í Waco, kom og héldu þær Kristín Halla stjórnunarnámskeið fyrir íslenska félaga.

1983, 28.-29. maí. Landssambandsþing í Skálholti. Gestir voru alþjóðaforsetinn, dr. Gloria Little, og Ann-Charlotte Melin. Fundarefni: Samtökkin, starfið og markmiðin.

1984, mars. Þuriður J. Kristjánsdóttir sötti vinnufund norrænu landssambandinu í Kaupmannahöfn.

1985, 19.-21. apríl. Landssambandsþing að Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði. Viðfangsefni: Sérkennsla, Sigrún Klara Hannesdóttir sagði frá tveimur könnunum Alfadeilda varðandi efnið. Opinn skóli, framsögu hafði Edda Eiríksdóttir og „Öskubuskuártan“, framsögu hafði Pálína Jónsdóttir.

1985. Ingibjörg Þorbergs gaf ΔΚΓ ljóð og lag, ljóðið samdi hún bæði á íslensku og ensku.

1986, febrúar. Tvær forgöngukonur samtakanna, Alida (Nippy) Parker og Ola B. Hiller, komu hér við og fræddu um margt sem samtökunum viðkom.

1986, maí. Forseti samtakanna, Jessie Sim, og Lagina Hale komu hér og hittu ΔΚΓ-félaga bæði á fundi og utan.

1986, vor. Emilie Leptien, ΔΚΓ kona sem var að skrifa bók um Ísland, ætlaða

skólabókasöfnum sem handbók fyrir nemendur, kom hér, fór í skóla, ræddi við ΔΚΓ félaga og fleira skólaþólk.

1986, ágúst. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir sötti alþjóðapringið sem haldið var í Indianapolis í Indiana.

1987, 1.-3. maí. Landssambandsþing á Varmalandi í Borgarfirði og jafnframt 10 ára afmælisfundur sambandsins. Gestur var dr. Theresa Fechek, framkvæmdastjóri samtakanna. Aðalefni þingsins var áhrif myndefnis á börn og unglings. Framsögu hófðu Anna G. Magnúsdóttir og Þorbjörn Broddason.

Delta-deild var formlega stofnuð á þinginu. Svæði deildarinnar er Vesturland.

1987, júní. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir sötti stjórnunarnámskeið Gullsjóðsins í Austin, Texas, og í framhaldi af því þing NA-svæðisins í Greenbrier í Vestur-Virginíu.

1987, 7.-8. ágúst. Guðrún Halldórsdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir söttu Evrópfund ΔΚΓ í Málmey.

1988, 27. apríl - 1. maí. Rösklega eitt hundrað Delta Kappa Gamma konur, flestar frá Illinois, komu í heimsókn sem var í alla staði vel heppnuð. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir stjórnadi undirbúningi og framkvæmd.

1988, 27. og 28. maí. Námsstefna



Tilbunar i gönguferð.

haldir í Odda, húsi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Flutt voru erindi um ýmis efni sem á skólamönnum brunnu. Gestur var Helen Skirrow, svæðisstjóri ΔΚΓ í Kanada, sem flutti erindi um skapandi lejðir í skólastarfi.

1988, sumar. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir boðið að halda fyrirlestur um íslenska menntakerfið á landsþingi ΔΚΓ í Kanada og í beinu framhaldi af því sötti hún alþjóðapringið í Baltimore í New-York fylki. Þar fékk hún samþykkta tillögu um að halda alþjóðapring utan Bandaríkjanna áður en langt liði.

1989, 29.-30. mars. Valborg Sigurðardóttir og Þuriður J. Kristjánsdóttir söttu Evrópfund ΔΚΓ í Kantaraborg á Englandi.

1989, 29.-30. apríl. Landssambandsþing haldið í Ölfusborgum. Viðfangsefni: Skólasöfn. Sigrún Klara Hannesdóttir flutti framsöguþindi um skólasöfn framtíðar. Epsilondeild var stofnuð á þinginu. Svæði hennar er Suðurland.

1989, júlí. Sigríður P. Valgeirs dóttir, forseti landssambandsins, sötti svæðisþing NA-svæðisins og tók þátt í námskeiði fyrir nýja lands- og svæðisformenn.

1990, apríl. ΔΚΓ konur buðu íslenskum félögum að koma á ráðstefnu í St-Louis og heimsækja skóla. Var boðið frít uppíhald. Tveir félagar, Sigríður P. Valgeirs dóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, gátu þegið boðið.

1990, 31. maí - 2. júní. Vorstefna á Hallormsstað, tileinkuð ári laesis. Gestur var forseti alþjóðasamtakanna, Majorie Allen. Erindi varðandi lesi flutti Margrét Gunnarsdóttir, Edda Eiríksdóttir, Gyða Bergþórssdóttir, Regina Höskuldssdóttir, Rannveig Löve og Sigríður P. Valgeirs dóttir. Á Vorstefnunni var stofnuð deild á Austurlandi, Zeta-deild.

1990, júlí. Sigríður P. Valgeirs dóttir sötti alþjóðapringið sem haldið var í New Orleans.

1990. Sigríður P. Valgeirs dóttir tók við embætti fulltrúa Evrópu í alþjóðasamtakanna.

1991, 1. - 2. júní. Landssambandsþing að Bifröst í Borgarfirði. Gestur fundarins var dr. Janet Shelver, forseti Alþjóðasamtakanna. Fjallað var um nýlega framkomna menntastefnu menntamálaráðuneytisins, framsögu hafði Gerður G. Óskarsdóttir.

1991, 19.-23. júlí. Hertha W. Jónsdóttir-

ir sótti svæðisþing NA-svæðisins í Pittsburgh, Pennsylvaniu.

1992, vor. Hertha W. Jónsdóttir sótti fund landssambandsforseta Evrópulandanna í Stokkhólmi sem haldinn var til undirbúnings Evrópuforum á Alþjóðaþinginu það ár.

1992, 21. - 25. júlí. Hertha W. Jónsdóttir sótti alþjóðaþingið í Louisville í Kentucky.

1993, 30. apríl - 2. maí. Landssambandsþing og í tengslum við það Evrópufundur á Akureyri, hann sóttu 37 evrópskar konur. Gestur var Jean Grey, svæðisstjóri NA-svæðisins. Meginvíðfangsefni var kennsla í dreifþýli. Framsóguerindi fluttu Kristín Thorlacius, Helga Kolbrún Hreinsdóttir, Sigurjón Mýrdal og Gyða Jóhannsdóttir.

1993, 21. - 23. júlí. Ragnheiður Stefánsdóttir, forseti landssambandsins, sótti þing NA-svæðisins í Chicago.

1994, 25. - 31. júlí. Alþjóðaþingið haldið í Nashville í Tennessee. Ragnheiður Stefánsdóttir forseti og Sigrún Klara Hannesdóttir lögsögumaður sóttu þingið.

1995, 7.-9. apríl. Evrópufundur í Kantaraborg á Englandi. Átta konur frá Íslandi sóttu fundinn, fjórar frá Beta- og fjórar frá Gammadeild.

1995, 1. - 3. júlí. Landssambandsþing

á Flúðum. Aðalefni voru Menntun og hæfni í starfi, framsögunaður Gerður G. Óskarsdóttir, og Gildi hreyfingar í námi og starfi, framsögunaður Sigrún Stefánsdóttir.

1995, sumar. Sigrún Klara Hannesdóttir sótti fund NA-svæðisins og nám skeið fyrir nýja formenn, í Buffalo, New York.

1996, 1. júní. Vorblót haldið í Reykjavík. Efni var Tölvur í skólastarfi. Dr. Mary C. Bicouvaris hélt erindi: Preparing Citizens for the 21st Century: A Classic Education Enhanced by Technology. Framsögumenn um tölvur í skólastarfi voru Harpa Hreinsdóttir, Hafsteinn Karlsson, Kristín Björgvinsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir. Á hátíðakvöldi var haldið upp á tuttugu ára afmeli samtakanna á Íslandi, aðalræðumaður var Dorothy Haley, fulltrúi Evrópu í stjórn samtakanna.

1996, 23. - 27. júlí. Alþjóðaþingið haldið í Columbus í Ohio. Forseti, Sigrún Klara Hannesdóttir, og Sigrún Jóhannesdóttir sóttu þingið. Þar gerðist, eftir næstum 20 ára umræður, að samþykkt var að Evrópa yrði sérstakt svæði.

Puríður J. Kristjánsdóttir



Á alþjóðaþinginu 1996.

## Árin mín sem landssambandsforseti

PURÍÐUR J. KRISTJÁNSDÓTTIR  
1977-1979



Tíminn liður og þurkkar sumt út úr minnu, en annað stendur eftir. Þegar ég róta nú í hugarfylgsnum og reyni að munu ár mín sem forseti landssambandsins kemur í ljós að árin sem fyrsti formaður Alfadeildar og í beinu framhaldi af því sem formaður landssambandsins renna að nokkrum saman. Viðfangsefnin voru að miklu leyti þau sömu, að kynna sér þann félagsskap sem hér um raðir, þýða og gefa út lög og reglugerðir fyrir deildir og landssambond, reyna að einfalda flókna hluti eins og þann fjölda nefnda sem kveðið er á um og finna starfinu farveg sem okkur hér hentaði. Samstarfskonur mínar voru hver annarri betri, annars hefði starfið ekki gengið.

Landssambandið var stofnað 28. mars 1977 og var stjórn Alfa-deilda jafnframt bráðabirgðastjórn þess. Um vorið voru Beta- og Gammadeildir stofnaðar og um haustið var fyrsti sameiginlegi fundur deildanna haldinn í Munaðarnesi og fyrsta landssambandsstjórn þá formlega kosin. Þar var líka farið yfir þýðingu á lögunum. Fyrsta landssambandsþingið átti svo að halda í Pelamerkurskóla í Eyjafirði vorið 1979, en illviðri og ófærð komu í veg fyrir það og var þingið síðan

haldið um miðjan september. Sáu Beta-konur af myndarskap um undirbúnning og framkvæmd.

Það var ljóst strax og búið var að stofna þjárár deildir árið 1977 að það væri nauðsynlegt að koma á fót fréttabréfi svo fréttir bærust frá landssambandsstjórn til deilda og eins til að miðla fréttum milli deilda. Fyrsta fréttabréfið, stutt og einfalt í sniðum, kom út í tið þessarar stjórnar.

Landssamband Iowa kostaði stofnun Alfadeildar og bauð undirritaðri á alþjóðaþingið 1976. Ég get þessa hér þó ekki væri þá búið að stofna landssamband, en fulltrúi Íslands var samt talinn fullgildur á þinginu eins og um landsambandsfulltrúa væri að ræða. Hitt er annað mál að fulltrúinn var lítið annað en augu og eyru á þeiri miklu samkomu, lagði ekkert nýtilegt til en kom heim allmiklu fróðan, og reynslan nýttist síðan er hún varð forseti landssambandsins. Á þingið 1978 fór í stað forseta Kristín Halla Jónsdóttir úr Gammadeild.

Það var mikil vinna að setja sig inn í starfsemi samtakanna og koma skipan á starfið hér, og allir þeir félagar sem komu að þeiri vinnu með mér fá hér þakkir mínar.

# PÁLÍNA JÓNSDÓTTIR

## 1979-1981

Eftirminnilegasti viðburðurinn á forsetatímabilinu var án efa landssambandsþingið í Munaðarnesi 1981 þegar forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, var tekin sem heiðursfélagi inn í samtökum við hátiðlega athöfn. Hún tók svo þátt í hátiðarkvöldverði og skemmtidagskrá að honum loknum. Hún ávarpaði hópinn og sagði frá Guðnýju frá Klömbrum, skáldskap hennar og örlogum en einnig frá spaugilegum uppákomum í forsetatið sinni. Við nutum þess að hafa hana hjá okkur þessa kvöldstund.

Annar stórvíðburður var alþjóðaþingið í Detroit í júlí 1980. Fyrst tók eg þó þátt í Seminar in Purposeful Living, sem haldið var í Ottawa. Það var þriggja daga námskeið, skemmtilegt samþland af fyrillestrum, vinnufundum, menningarviðburðum og óformlegum umræðum.

Að því loknu var svo farið í þriggja daga ferðalag með langferðabil til Detroit. A leiðinni bar margt skemmtilegt fyrir augu og eyru. Við fórum tvö kvöld í leikhús, höldum góðan tíma við Niagara-fossana og skoðudum borgina Toronto. Pessir dagar í Kanada voru mjög ánægjulegir og ákjósanlegur undibúningur fyrir þátttöku í alþjóðaþinginu.

Alþjóðaþingið var haldið í risastóri hóteliþyggingu og veitti reynrar ekki af mör gum vistarverum því þáttakendur voru rúmlega 2000.

Það var alveg sérstök lífsreynsla að taka þátt í þingstörfunum og gera sér grein fyrir að maður er hluti af stórra heild og að allir hafa sömu áhugamálin: að vinna að bætti menntun og betra skólastarfi sem kemur börnunum okkar til góða.

Einn daginn gátu þátttakendur valið úr nokkrum fræðslufundum. Framlag Íslands var yfirlit um fullorðinsfræðslu á Íslandi og þátttöku kvenna í henni. Var þetta erindi tekið saman hér heima af nokkrum ΔKG konum og flutt á tveimur fundum við mikla aðsókn og góðar undirtektir.

Tvað tillögur sem ræddar voru á þinginu snertu okkur sérstaklega.

Önnur var um sveðafyrirkomulagið og stöðu landssambanda utan Bandaríkjanna. Ákvæðið var til reynslu að þau fengju fulltrúa sem væri tengiliður milli þeirra og aðalstöðvanna. Nú er þetta mál loksins komið í höfni með því að landsambond ΔKG í Evrópu munu mynda sérstakt svæði.

Hin tillagan var um það að Alþjóðasamtökini hélđu og kostuðu algjörlega þrjá vinnufundi með allt að 30 þátttakendum hvem fyrir þjóðir utan Bandaríkjanna, t.d. einn fyrir Norðurlandabjóðirnar. Sumum þótti þetta kostnaðarsamt fyrirtæki en það fékkst þó samþykkt.

Fundur fyrir stjórnendur ΔKG samtakanna á Norðurlöndum var því haldinn dagana 29.-31. maí 1981 í Voksenåsen, sem liggar í hæðunum fyrir ofan Oslo. Þátttakendur voru 26, formenn deilda og landssambanda og gjaldkerar. Frá Íslandi voru 5 félagar.

Fulltrúar frá Alþjóðasamtökunum maettu á fundinn, fluttu erindi og stjórnudu umræðuhópum. Mikið var riðt um markmið samtakanna og hvernig gengi að uppfylla þau og nauðsyn þess að kynna samtokin svo að þau geti látið til sin taka og gott af sér leiða.

Þetta var ánægjulegur fundur og mik-

ill áhugi á því að auka samskipti félaganna á Norðurlöndum. Síðan eru liðin 15 ár og ekki hefur mikið breyst þangað til núna þegar Evrópuþjóðirnar munu mynda sérstakt svæði og skilyrði skapast þar með fyrir nánari samvinnu.

### Árin 1985-1987

Pessi ár var ég aftur forseti landssambands ΔKG og frá þeim minnist ég fyrst og fremst að hafa tekið á móti og kynnt ýmsum erlendum meðlimum samtakanna. Það er fróðlegt fyrir okkur, sem erum fáar og óneitanlega dálítið einangraddir, að fá heimsóknir erlendra félaga sem lengi hafa starfað í samtökunum og þekkja vel sögu þeirra og uppbyggingu.

Jessie Sim, forseti Alþjóðasamtakanna, og Laginia Hale dvöldu t.d. hér í tvo daga um hvítasunnuna 1986 og tóku við vel á móti þeim. Hápunktur heimsóknarinnar var sameiginlegur kvöldverður, þar sem heiðursfélagi landssambandsins, frú Vigdís Finnbogadóttir forseti, gerði okkur þá ánægju að vera með okkur. Einnig buðum við Ingi-björðu Þorbergs til okkar en hún hafði þá nýlega ort ΔKG-söng og samið við hann lag.

Landssambandsþingið var haldið á Varmalandi 1.-3. maí 1987 og var það jafnframta afmálishátið landssambandsins, sem var orðið tíu ára.

Undirbúin hafði verið stofnun nýrrar deildar á Vesturlandi með því að nokkrir ΔKG-félagar boðuðu konur í fræðslustörfum á Vesturlandi á sinn fund á Hótel Borgarnesi. Þar voru Alþjóðasamtökini kynnt og sagt frá starfsemi deildanna á Íslandi. Áhugi var nægur, Delta-deild stofnuð og félagarnir teknir inn við hátiðlega athöfn á landssambandsþinginu. Það var áreiðanlega ánægjulegasti viðburðurinn á þessum tveimur árum mínum sem forseti.

Gestur frá Alþjóðasamtökunum var dr. Theresa Fechek. Hún flutti kveðjur frá aðalstöðvunum og kynnti viðfangsefni samtakanna næstu fjölgur árin.

Á dagskrá voru annars erindi um áhrif myndefnis á börn og unglings og urðu þau kveikja að því að deildirnar unnu með þetta efni og gáfu út veggspjald og einblöðung til að vekja athygli almennings á nauðsyn þess að fylgjast með því hvad börn eru að horfa á og ráða við þau um það sem þau sjá.

Konur úr Beta-deild kynntu okkur líka verk Elisabetar Geirmundsdóttur og áhugi þeirra á þessari merku listakonu endaði með því að þær gáfu út kort með verkum listakonunum og síðan bráðfallega bók um hana og verk hennar. Þetta var aðdáunarvert framtak. Pessi landsambandsfundur varð því mjög eftirminnilegur.

### PORBJÖRG KRISTINSDÓTTIR

1981-1983

Að vera forseti landssambandsins er ábyrgðarmikið starf sem krefst mikillar vinnu, en það veitti mér mikla ánægju að glíma við hin ýmsu verkefni. Það gaf mér tekifærri til að kynna betur hinum ágætustu félagskonum bæði hér heima

og erlendis, þar sem ég þurfti oft að tala við þær í síma, skrifast á við þær eða hitta þær.

Ég man að við buðum Beatrice O'Brien, formanni útbreiðslunefndar Alþjóðasamtakanna, að koma í heimsókn

til okkar og fraða okkur um samtökin. Ég og maðurinn minn tókum á móti henni á Keflavíkurflugvelli snemma morguns. Þá fór heldur illa, því enginn farangur fannst. Þar sem maðurinn minn var öllum hnútum kunnugur hjá Flugleiðum hf., sékk hann því framengt, að þeir borguðu allt það nauðsynlega sem hún purfti á að halda.

Meðal annars keypti Beatrice sér fagran handprjónaðan kjól sem hún var alsæl með.

Einnig er landssambandsþingið í Skálholti í maí 1983 mér mjög minnisstaett, því að allt hjálpaðist að til að gera það sem ánægjulegast, aðbúnaður mjög góður og staðurinn skartaði sínu fegursta í sól og bliðu. Á fundardögum skiptist á gaman og alvara.

## EDDA EIRÍKSDÓTTIR 1983-1985

Edda hefur ekki starfað í ΔΚΓ síðstu árin og treystir sér ekki til að taka saman pistil um forsetaarr sín.

## SJÖFN SIGURBJÖRNSDÓTTIR 1987-1989

Þegar ég lít til baka var margt áhugavert og ógleymanlegt sem gerðist í forsetatið minni 1987-89. Þar sem ég hef aðeins verið beðin um að segja frá því skemmtilega fer sú frásögn hér á eftir.

Ég hafði fengið styrk frá ΔΚΓ til þess að taka þátt í stjórnunarnámi við Texasháskóla í höfuðborginni Austin sumarið 1987.



Í two daga fyrir landssambandsþingið var haldið stjórnunarnámskeið sem Anne Charlotte Melin, þáverandi forseti sánska landssambandsins, og Kristín Halla Jónsdóttir Gamma-deild stjórnuðu. Var það mjög fróðlegt.

Þáverandi forseti Alþjóðasamtakanna, Dr. Gloria Little, sem sat landssambandsþingið í Skálholti, hrósæði okkur fyrir vel heppnað þing og velunnni störf.

Við kvöldverðarbordið var mikil sungið og smakkaðist maturinn vel, enda lagði kokkurinn sig allan fram. En kokkurinn í Skálholti var þá séra Yrsa Þórðardóttir. Ég minnist sérstaklega hins gómsæta eftirréttar, sem hún hafði skreytt með stöfum félagsins ΔΚΓ á grísku.



Það var einstaklega vel skipulagt nám, þar sem m.a. nokkrar námsbækur höfðu verið sendar styrkþegum og okkur sagt að lesa þær fyrir komu okkar. Einnig var okkur tjáð m.a. að hafa með okkur nokkrar dragtir til skiptanna! Það þótti mér öllu erfðara en að lesa bækurnar, því að mjög heitt er á sumrin í Austin! Ég tók þá

ákvörðun að láta skynsemina ráða og taka með mér íslensk sumarfót.

Þarna nutum við góðrar kennslu, samvista og samskipta við proféssora, sem voru ópreytandi við að miðla okkur af reynslu sinni og þekkingu.

Á leiðinni heim tók ég þátt í sveðisþingi okkar, sem haldið var á Greenbrier-hótelinu í V. Virginíufylki. Þetta er fremur gamalt en glæsilegt hótel og ákaflega vel við haldið - var notað um árabil sem sumarhótel forseta landsins.

Þar fieddist sú hugmynd að koma á nánari samskiptum milli ΔΚΓ í Illinois og ΔΚΓ á Íslandi og ráðgerð var námsferð til Íslands í apríl á næsta ári. Með mér í Texas hafði verið stjórnarkona frá Illinois, sem síðar varð forseti þeirra.

Til þess að gera langa sögu stutta komu 120 ΔΚΓ-konur hingað í 5 daga námsferð - flestar frá Illinois, en einnig nunna frá Kanada, síðar stjórnarkona Alþjóðasamtakanna, og nokkrar sem höfðu verið með mér í Austin.

Það var mikil spenna við komu þeirra til landsins vegna yfirvofandi allsherjarverfalls. Ég þurfti að taka ákvörðun um það, hvort þær ættu að koma til landsins, því jafnvel var búist við langvarandi verfalli. Ég spurði því ýmsa verkalýðsleiðtoga, hvort ég ætti að láta þær koma. Ráðlöggðu þeir mér flestir að gera það ekki en Guðlaugur heitinn Porvaldsson, þá sáttasemjari ríkisins, sem ég ræddi við síðastan, sagði: „Láttu þær bara koma!“

Við brottför frá Bandaríkjum fengu þær aðhenta yfirlýsingu frá Flugleiðum um að þær færðu til Íslands á eigin ábyrgð!! Þótti þeim nú ferðalagið taka á sig spennandi mynd.

Dvöl þeirra var vel skipulögð enda langur aðdragandi. Ég hafði útvegað boð hjá forseta Íslands, menntamálaráðherra og borgarstjóra að ótoldum Alfa- og Gamma-systrum.

Lengi vel var óráðið um brottför þeirra, því að kvöldið fyrir brottför höfðu

verkalýðsfelögg á Suðurnesjum fellt samninginn og nú voru góð ráð dýr!

Svo heppilega vildi til að brottfarardaginn bar upp á l. maí. Var ákveðið í tiltefni dagsins að opna landamæri Íslands (Keflavíkurflugvöll, sem lokaður hafði verið í fimm daga og stymmingar orðið milli farþega og verkfallsfólks). Þær höfðu fylgst með þessu öllu og var því gleðin enn meiri við brottförlina frá landinu!

Mér er einnig mjög minnisstaett landsþing ΔΚΓ í Kanada sem haldið var í Toronto, en þangað var mér boðið til þess að halda fyrirlestur um íslenska menntakerfið. Ég ók með kanadísku nunnunni til Baltimore á tveim dögum en hún var hinn mesti ökuþór.

Að alþjóðaþingi ΔΚΓ í Baltimore var tillaga míin um að halda alþjóðaþing utan Bandaríkjanna í nánustu framtíð samþykkt samhljóða af að þriðja þúsund þáttakenda og rétt var um, að Ísland ætti að eiga næsta Evrópufulltrúia. Raeddi Gloria Little, fyrrv. alþjóðaforseti ΔΚΓ, þetta við mig.

Árið eftir var mér boðið að halda aðalraðuna á landsþingi ΔΚΓ í Illinois, sem haldið var á glæsilegu hótel í St. Louis, Missouri. Sú ferð var mjög skemmtileg og efni í aðra frásögn!

P.s.

En fyrndasta sagan finnst mér alltaf þegar Theresa, framkvæmdastjóri Alþjóðasamtakanna, kom hérna 1987 í forsetatið Pálínu og ferðataskan heninar varð eftir í Bandaríkjum. Eftir að hafa verið í stórkostlegum morgunmat hjá Pálínu fór ég í eina apótekið í bænum sem opid var og bað um kvennaerbuxur, sem ekki voru til. Þetta var á laugardagsmorgni og engar verslanir opnar. Hún fékk svo lándar buxur hjá Sigrúnu Klöru og svaf í náttfötum Braga Jónssonar, veðurfræðings!

# SIGRÍÐUR P. VALGEIRSDÓTTIR

## 1989-1991

Á fyrsta stjórnarfundi 2. september 1989 komu fram tillögur um gjaldkera og lögsögumann, ritstjóra og konur í ýmsar nefndir. Tillögurnar voru lagðar fyrir fund framkvæmdaráðs sem haldinn var að loknum stjórnarfundi og var ákveðið að Jakobína Guðmundsdóttir yrði gjaldkeri og Halldóra Eggerts-dóttir lögsögumaður. Auk stjórnar, gjaldkera og lögsögumanns skipuðu ráðið einvala lið formanna sem voru Valborg Sigurðardóttir, Alfa-deild, Ragnheiður Stefánsdóttir, Beta-deild, Helga Gunnarsdóttir, Gamma-deild, Kristín Thorlacius, varaformaður Delta-deilda og Helga Halldórsdóttir, Epsilon-deild.

Á fyrsta framkvæmdaráðsfundi voru allar tillögur stjórnar um skipun nefnda og formanna þeirra lagðar fyrir ráðið og samþykktar en embættismenn ekki bara skipaðir af forseta svo sem lög gera ráð fyrir.

Einnig var ákveðið að koma á laggirnar fjárhagsnefnd sem samkvæmt lögum á að starfa sem fastaneftnd. Þörf á þeirri nefnd var einkum vegna undirbúnings fjárhagstillagna en í upphafi þessa kjörtímabils blasti við aðkallandi mál sem snerti verksvið hennar, þ.e.a.s. bág fjárhagsstaða Landsambandsins. Nefndin tók strax til starfa og skilaði á næsta fundi tillögum um aukaframlag félaga. Tillagan var samþykkt og jákvæð viðbrögð félagskvenna urðu til þess að tímabundinn vandi leystist.

Önnur mál sem tengjast innra starfi Landssambandsins á þessu kjörtímabili voru m.a. útgáfa fyrsta sameiginlega nafnalista allra deilda, vinna að gerð



reglugerðar við lög Landsambands og deilda, útgáfa reglugerða og laga, en þýðing laga hafði áður verið endurskoðuð. Þá var námsstyrkjagjald, sem áður hafði runnið í félagssjóð, lagt í sérstakan sjóð - námsstyrkjasjóð - og hafin endurgreiðsla í sjóðinn úr félagsjóði fyrir þau ár sem gjaldið hafði runnið í hann. Áhugaverð málefni til umræðu í deildum voru valin, m.a. einsettinn skóli, læsi og samvinna skóla og foreldra.

Í forsetatið Sjafnar Sigurbjörnsdóttur var unnið að stofnun nýrrar deilda á Austurlandi. Því verki var haldið áfram og ný deild vígð að Hallormsstað 31. maí 1990. Majorie Allen, alþjóðaforseti, sótti okkur heim af því tilefni og var viðstödd stofnun hinnar nýju deilda - Zeta-deilda - ásamt öðrum erlendum félaga, Emilie Leiphien.

Í tengslum við stofnun Zeta-deilda var efnt til almenns fundar allra deilda, Vorstefnu. Boðið var upp á hópferð til og frá fundarstað og var hún jafnframt skemmtiferð í hring um landið. Þáttakendur frá Reykjavíkursvæðinu og Suðurlandi lögðu af stað norður með viðkomu hjá Sigríðu Jóhannesdóttur, formanni að Bifröst, þar sem hópurinn dvaldi um stund í góðu yfirlæti með Delta-konum. Eftir ferð norður yfir heiðar var gist í Pelamerkurskóla og Beta-deild sótti heim næsta morgun. Þar eyddi hópurinn verulegum hluta dagsins í góðra vina hópi og naut gestrisni Beta-kvenna í mat og drykk og frábærum skoðanaferðum. Þann bættist í ferðahópinn og áfram var haldið austur á böginn.

Að Hallormsstað höfðu konur hinnar

nýju Zeta-deilda undirbúið heimsókn hópsins af miklum myndarbrag og var allt skipulag tveggja sólarhringa dvalar svo og skoðunarferð um staðinn til fyrirmyndar.

Majorie Allen, alþjóðaforseti, ávarpadi Vorstefnuna. Viðfangsefni hennar var ár læsir og fluttu sex Delta Kappa Gamma konur erindi um það efni. Umreðuhópar ræddu efnið og kynntu niðurstöður. Að lokum voru samþykkt tilmæli til allra deilda um að leggja áherslu á málefnið læsi barna á komandi starfsári. Stofnfundur og háttíðarkvöldverður var á fóstudagskvöldi og heim var haldið, suðurleiðina, eftir hádegi á laugardegi.

Tengsl við Alþjóðasamtökum voru þó nokkur á tímabilinu. Utan hefðbundinna tengsl við aðalstöðvar samtakanna í Austin, Texas, mynduðust óvenju sterk tengsl við landssambönd Evrópulanda. Þau hófust á fundi NA-svæðisins í borginni Grand Rapids í júlí 1989 þar sem landsambandsforsetar Evrópulanda ákvádu að undirbúa tillögur til breytinga á lögum sem m.a. miðuðu að því að fulltrúar landa utan Bandaríkjanna fengju sama rétt til ákvörðunartöku, þ.e.a.s. atkvædis- og tillögurétt, í fulltrúaráði og stjórn alþjóðasamtakanna eins og fulltrúar svæða í Bandaríkjum. Þar sem landssambandsforseta Íslands var falið að vera oddamaður Evrópulanda í þessu mál, og var frá 1990 kosinn fulltrúi Evrópu í alþjóðastjórn, komst málid strax á fyrsta fundi inn á bord stjórnar og framkvæmdaráðs hér á landi. Allir landssam-

bandsforsetar Evrópu sameinuðust um tillögurnar og lögðu þær fyrir framkvæmdaráð hver í sínu landi þar sem þær voru samþykktar. Þeir sendu því allir sömu tillögurnar til alþjóðalegu lagnefndarinnar og höfuðstöðva samtakanna. Þetta reyndist eina ráðið til að koma þeim inn á alþjóðaþingið í formi breytingatillagna. Tillögurnar voru teknar fyrir á alþjóðaþinginu í New Orleans sumarið 1990. Fæstar hlutu brautargengi og baráttan hélt áfram. Niðst þegar lagabreytingar voru teknar fyrir komust fleiri tillögur í gegn en enn er björminn ekki unnnin í þessu mál.

Síðara starfsár kjörtímabilsins var nokkuð annasamt þar sem starfið sem fulltrúi Evrópu í alþjóðastjórn Delta Kappa Gamma hófst það ár. Þetta hafði þó þann kost að frábært tækifæri gafst til að berjast fyrir frekari lagabreytingum og kynna starfi, málefnum og skoðunum félaga í örðum löndum þar sem embættid skapaði tækifæri til þess að sitja alla landssambandsfundi samtakanna í Evrópu.

Landssambandsþing vorið 1991 var haldið í Bifröst í Borgarfirði. Þáverandi forseti Alþjóðasamtaka ΔΚΓ, Dr. Janet Sheller, sótti þann fund og má segja að það hafi þótt tilindum sæta að sama land skyldi fá heimsókn forseta samtakanna tvö ár í röð.

Það sem hæst ber í minningunni frá félagsstarfinu á þessum tveimur árum er ánægjulegt og mjög gefandi samstarf við fjölda Delta Kappa Gamma kvenna.

# HERTHA W. JÓNSDÓTTIR

## 1991-1993

Samskipti við alla þessa góðu og hlýju félaga og kynning inn á við í ΔΚΓ á Íslandi er það sem hæst ber og skilur mest eftir þegar lítið er til baka yfir tímabilð sem landssambandsforseti 1991-1993.

Starf landssambandsstjórnar á tímabilinu ein kennist af því að styrkja starfið í deildunum og viðhalda tengslum sem fyrir voru. Strax var ákvæðið að huga ekki að stofnun nýrrar deilda að svo stöddu heldur hvetja til að fjlögum í hverri deild.

Landssambandsforseti setti sér eftirfarandi markmið:

-Stytta leiðir milli deilda, auka samskipti og virkni félaga og stuðla að aukinni þekkingu á markmiðum samtakanna.

- Hvetja til heimsókna milli deilda, t.d. með því að deildir haldi sameiginlega fundi u.p.b. einu sinni á ári.

- Fá fyrirlesara úr röðum félaga á fundi og miðla fræðsluefnir milli deilda.

- Hvetja embættismenn deilda til að hafa samskipti sín á milli.

- Stuðla að aukinni notkun fréttabréfsins til upplýsinga og fróðleiks.

Nýlunda var að setja slík markmið og senda öllum formönnunum deilda til kynningar og var ég þakklat fyrir hve vel þeim var tekið.

Markmiðin voru mitt leiðarljos í starfinu og sem viðleitni til að ná þeim voru allar deildir heimsóttar utan Alfa-deilda sem er elsta deildin og hefur að skipa reyndum félögum. Þessar heimsóknir voru hver um sig einstæðar og mjög ánaegjulegar. Það er ómetanlegt fyrir landssambandsforsetann að hitta félag-



ana á heimavettvangi og kynnast verkefnum, hugmyndum og vandamálum þeirra og ekki síst að sjá umhverfið sem hver deild býr við. Margar deildir búa við landfræðilega erfiðleika og ég komst ápreifanlega í kynni við það á ferðum mínum hve veður getur versnað snögglega og gert starf deilda í dreifþýlinu erfitt. En sú ótrúlega virkni sem býr í félagskonusum og þær frábæru móttökur sem ég fékk í heimsóknum minum eru eins og gullmolar í minningum frá þessum tíma og þær hafa sannarlega aukið trú mína á gildi samtakanna.

Það er samheldnin, gleðin og einhugurinn, ásamt þeiri *vináttu* sem verður til við samveruna, sem fyrst og fremst gefur starfinu gildi. Vináttan og samheldnin bera þar haest.

Draumur minn um að halda námskeið fyrir nýju formenn deilda, ritstjóra, ritara, gjaldkera og fráfarandi formenn rættist og var fyrsta námskeiðið um „Starfsemi ΔΚΓ“ haldið í Kennaraháskóla Íslands í Reykjavík 5. sept. 1992. Rennt var blint í sjóinni vardandi áhuga deilda en sérstaklega vel tókst til og var námskeiðið sótt af 24 félögum. Petta var langur og strangur dagur en mjög skemmtilegur og var endað á kvöldverði í Hallargardinum þar sem allir fyrrverandi landssambandsforsetar voru boðnir og maettu flestir og var von míni að slíkt yrði hefð.

Ritstjóri Bókrúnar hf. í Reykjavík kynnír árlega eitt félag kvenna í Minnisbók Bókrúnar. 1993 var ΔΚΓ boðin kynning og sendi landssambandsforseti upplýsingar um hugmyndafræði og starfsemi samtakanna á Íslandi.

Nýtt félagatal kom út ásamt tveimur nýjum heftum, *Handbók* og *Inntaka nýrra félaga*. Hugmyndin var að hver félagi eigi handbókina og að hver deild eigi fimm eintök af heftinu um inntöku nýrra félaga.

Minnisstæður er undirbúnings að stofnun Evrópusvæðis. Sigríður Valgeirs dóttir, svæðisfulltrúi Evrópu, kallaði landssambandsforseta Evrópulandanna saman til fundar í Stokkhólmi um hvítasunu 1992 til undirbúnings fyrir Evrópuforum sem halda átti á alþjóðabínginu í júlí. Þarna var unnið stift og farið yfir lagabreytingar sem talðar voru nauðsynlegar fyrir þessar þjóðir. Þessi fundur var mjög gagnlegur og jók samstöðu Evrópuþjóðanna, en það var Þýskaland að ganga í samtökum.

Framhald umræðu var síðan á Evrópufundi í tengslum við landssambandsþingið á Akureyri 1993. Þangað komu 37 erlendar Delta Kappa Gamma konur og þótti okkur það frábær þátttaka.

Hápunktur í starfi hvers forseta er landssambandsþingið. Það var eins fyrst segir haldið á Akureyri 1993 með yfirskriftinni „Menntun í dreifþýli“ og var ákaflega minnisstætt með góðum fyrilestrum, vel heppnuðum kynnisferðum sem Beta konur áttu heiður af og fráberri kvöldskemmtun. Það vakti sérstaka furðu erlendu gestanna að hægt var að fara í heimsóknir í skóla á sunnudegi.

Gerður var sérstakur minnjagripur fyrir landssambandsþingið, lítið glas með merki samtakanna, sem selt var vægu verði en var þó dágóð tekjulind.

Á svæðisþingi NA-svæðisins sem haldið var í Pittsburgh, Pennsylvaníu dagana 19.-23. júlí 1991 gafst tækifæri til að kynna starfsemi ΔΚΓ á Íslandi og vakti það athygli margra sem vita ekki einu sinni að Ísland er til.

Alþjóðaþingið var haldið í Louisville í Kentucky dagana 21.-25. júlí 1992. Þangað maettu 2228 þátttakendur frá 72 landssamböndum af 75. Yfirschrift þingsins var: „Áhersla á framfarir með hópvinnu og samstarfi“.

Á þinginu var stórvinnslan „Alþjóðleg hópvinna um menntun“. Landsambandsforsetar kynntu *menntun* hver í sínu landi. Flutt voru yfirlitserindi um þá menntun sem í boði er í öllum 14 þátttökum löndunum og var sérstaklega gaman að segja frá hinu ágæta menntakerfi okkar. Skapaðist mikil umræða um hin ýmsu menntunarstig og mismunandi framboð menntunar. Ég fann fyrir því þá sem oftar í alþjóðlegum samskiptum, að rödd íslenska landssambandsins þarf að heyrast og eftir er tekið hvað við segjum þó smá séum.

I gegnum starfsferil minn sem landsambandsforseti ræddi ég um markmiðin og gildi samtakanna og hvaða ávinningur það er fyrir okkur hverja og eina að vera í þeim og reyna að koma hugsjónum okkar á framfæri sem viðast.

Rauðu rósirnar þjár sem liggja yfir gyllta bordann á skjaldarmerkinu okkar tákna hugsjónir Delta Kappa Gamma samtakanna: *Vináttu, trúmannsku og hjálpsemi*. Þær hafa vísað mér veginn.

# RAGNHEIÐUR STEFÁNSDÓTTIR

## 1993- 1995

Sem félagi í ΔΚΓ verða mér árin 1993-1995 lengi minnisstæð. Það byrjaði með því að ég var beðin um að vera gjaldkeri fyrir undirbúningsnefnd að Evrópufundi ΔΚΓ sem haldinn var á Akureyri 30. apríl til 2. maí 1993. Bréf streymdu inn með þátttökutilkynningum og staðfestingargjaldi og ég sendi staðfestingu til baka um að allt væri klappað og klárt. Síðan birtust konurnar hver af annarri og mér fannst ég orðin kunnug þeim öllum þegar þær komu. Ég var komin í samband við ΔΚΓ konur í Evrópu og fannst það spennandi.

Landsambandsþing ΔΚΓ á Íslandi 1993 var haldin um leið og Evrópufundurinn. Nú var röðin komin að okkur í Beta-deild að taka landssambandið að okkur. Ég var nýlega búin að vera formaður og þess vegna ýmsum hnútum kunnug. Ég hafði alltaf haft áhuga á þessum félagsskap og fannst konurnar í samtökunum bæði áhugaverðar og gefandi. Ég var því tilbúin að leggja mig fram og nota mínar fristundir í þágu samtakanna en ég vissi að þetta yrði mikil vinna.

Þetta tveggja ára tímabil fannst mér ævintýri líkast. Bréf byrjuðu að streyma inn um bréfalúguna bæði frá Evrópu og Ameriku. Snertu þau amerísku fyrst í stað um svæðisþing NA-svæðisins sem halda skyldi sumarið 1993 í Chicago en eftir það fjölluðu bréfin aðallega um alþjóðaþingið í Nashville, Tennessee, sumarið 1994. Fjórða hvert ár eru lagðar fram á alþjóðaþinginu breytingatillögur við lög Alþjóðasamtakanna og nú skyldi það gert.



Það bréf sem kom mér mest á óvart var þegar ég, sem ein af félögunum í framkvæmdaráði Alþjóðasamtakanna var beðin að greiða atkvæði um hvort gera ætti Hillary Clinton, forsetafrí Bandaríkjanna, að heiðursfélaga ΔΚΓ.

Evrópubréfin snérust að-allega um stofnun sérstaks Evrópusvæðis sem búið var að vera til umræðu í mörg ár. Sex lönd í Evrópu tilheyru NA-svæðinu ásamt 25 fylkjum í Kanada og Bandaríkjum, en Stóra-Bretlandi og Ingrid Holmberg frá Svíþjóð. Dorothy var valin. Hún var mjög áköf í að stofna sérstakt Evrópusvæði og vann afskaplega ötullega að því sín tvö ár frá 1994-1996. Hún lenti í hörmulega slysi um jólín 1994 og notaði tímann á sjúkrahúsini rakilega til að skrifa bréf í allar áttir og hvetja til stofnunar 5. svæðisins. Vafalaust hefur það haft sín áhrif. Okkur óráði ekki fyrir því að strax á alþjóðaþinginu 1996 yrði samþykkt að stofna Evrópusvæði.

Evrópufundur var haldinn í Canterbury á Englandi 7.-9. apríl 1995. Pangad fóru fjórí félagar úr Gamma- og fjórí félagar úr Beta-deild. Ég var ein þeirra. Mér er enn minnisstætt hve félagsandinn var sterkur og mikill hugur í konum að stofna Evrópusvæði. Meira að segja voru þó nokkrar konur frá Bandaríkjum búnar að skipta um skoðun. Dorothy Haley var enn á sjúkrahúsini, en sendi

hérdu svæðisþingið 1997. Indiana bauð líka fundarstað. Sent var bréf til 31 landssambandsforseta á svæðinu og þeir beðnir að greiða atkvæði sem fóllu jöfn á Indíana og Svíþjóð. Þá var aftur sent út bréf um kosningu og Svíþjóð sigræði. Þingið verður því haldin í Stokkhólmi 9.-12. júlí 1997. Þetta verður mér alltaf mjög eftirminnilegt.

A fundi í Chicago þurftum við landsambandsforsetamir að velja fulltrúa fyrir Evrópu sem situr stjórnarfundi í alþjóðastjórn en án atkvæðisréttar. Tvær voru í framboði, þær Dorothy Haley frá Stóra-Bretlandi og Ingrid Holmberg frá Svíþjóð. Dorothy var valin. Hún var mjög áköf í að stofna sérstakt Evrópusvæði og vann afskaplega ötullega að því sín tvö ár frá 1994-1996. Hún lenti í hörmulega slysi um jólín 1994 og notaði tímann á sjúkrahúsini rakilega til að skrifa bréf í allar áttir og hvetja til stofnunar 5. svæðisins. Vafalaust hefur það haft sín áhrif. Okkur óráði ekki fyrir því að strax á alþjóðaþinginu 1996 yrði samþykkt að stofna Evrópusvæði.

Evrópufundur var haldinn í Canterbury á Englandi 7.-9. apríl 1995. Pangad fóru fjórí félagar úr Gamma- og fjórí félagar úr Beta-deild. Ég var ein þeirra. Mér er enn minnisstætt hve félagsandinn var sterkur og mikill hugur í konum að stofna Evrópusvæði. Meira að segja voru þó nokkrar konur frá Bandaríkjum búnar að skipta um skoðun. Dorothy Haley var enn á sjúkrahúsini, en sendi

hugmyndir sínar skriflega svo hægt væri að flytja þær á þinginu. Saknaði hún þess óskaplega að geta ekki verið með. Þetta átti að verða hennar þing.

Landssambandsþingið var haldin á Flúðum 1.-3. júní. Tvö erindi voru flutt á þinginu: „Menntun og hæfni í starfi“, flutt af Gerði G. Óskarsdóttur, og „Gildi hreyfingar í námi og starfi“, flutt af Sigurðuru Stefánsdóttur.

Samþykkt var fyrir því að halda landsambandsþingið alltaf fyrstu helgina í júní. En forsendur breyttust í kennarverkfalli um veturinn og grunnskóla-kennarar voru skyldaðir til að vinna 3 fyrstu dagana í júní. Mikil vinna fór í að reyna að fiera fundinn aftur um viku en það reyndist ógjörningur. Héðan að norðan fórum við því aðeins tvær, Rósá Júliusdóttir, ritari landssambandsins og ég, en hún var svo sannarlega mín haegri hond allt kjörtímabilið.

Tvennt er eftirminnilegast frá þinginu á Flúðum. Annað var að forseti Islands, frú Vigdís Finnbogadóttir, sem er heiðursfélagi samtakanna, skyldi geta breytt dagskrá sinni og heiðrað okkur með nærværu sinni og m.a. tekið þátt í likamsrækt og útvist dagsins.

Hitt var hve skemmtilegt var að vinna að undirbúningi þingsins í samvinnu við Björnu Björnsdóttur, formann Epsilon-deilda og hennar félaga. Þá var dvölín á Flúðum eftir þingið með dr. Irene Murphy og konum úr Epsilon-deild hreint ógleymanleg.

# SIGRÚN KLARA HANNESDÓTTIR

## 1995- 1997

Það var einstaklega ánægjulegt að taka við formennsku á vordögum 1995 á Landssambandsþinginu á Flúðum því þá lá fyrir að halda skyldi upp á 20 ára afmæli samtakanna hér á landi. Alfa deildin var stofnuð 7. nóvember 1975 og Landssambandið formlega stofnað 28. mars 1977 og því ákvæð framkvæmdarráðið á sínum fyrsta fundi að þetta tveggja ára tímabil skyldi helgað afmælinu. Af því tilefni hefur öll starfsemi Landssambandsins miðað að því að gera þessi tímamót sem eftirminnilegust.

Vorblót var haldið 1. júní 1996 og var þann dag bæði ráðstefna og afmælishátið og við fengum two erlenda gesti frá samtökunum í heimsókn. Yfirskrift ráðstefnunar var Tölvunotkun í skólastarfi og var undirbúningur hennar í höndum Höru Hreinsdóttur úr Delta-deild. Alls voru fyrirlesarar sjö og þar með talin Dr. Mary V. Bicouvaris frá Virginiu sem kom sem International Speaker. Fyrilestur sinn kallaði hún Preparing Students for the 21st Century: A Classic Education Enhanced by Technology. Ráðstefnugestur fengu tækifæri til að pröfa Veraldarvef Finn undir handleiðslu. Um kvöldið var afmælishátið sem jafnframt var fjárlöfun fyrir Námsstyrkjajóðinn okkar. Dorothy Haley, Evrófulltrúi ΔΚΓ, flutti ógleymanlega hátiðarraeðu en annars voru skemmtiatriðin heimafengin. Eftir afmælishátiðina voru lagðar kr. 60.000 inn á reikning Námsstyrkjasjóðs.

Að þessu tímabili hófst undirbúningur að nýrrri deild, Eta-deild, sem er þriðja deildin á höfuðborgarsvæðinu og sjó-



unda deild samtakanna á Íslandi. Var ákveðið að konur sem hefðu áhuga á að vera með í þessari nýju deild skyldu starfa saman veturninn 1996-1997 og síðan yrði deildin formlega stofnuð á Landssambandsþingi 1997. Fyrsta fræðslufundinn hélt hin væntanlega Eta-deild 30. október 1996.

Kynningarnefnd hefur útbúið talsvert af nýju kynningarrefni. Í nefndinni eru Sigrún Jóhannesdóttir Delta-deild, Hertha W. Jónsdóttir Gamma-deild og Rósa Kr. Júlfusdóttir Beta-deild. Fyrst má þar nefna bækling sem notaður er til að kynna samtökini væntanlegum félögum. Prentaðar hafa verið rauðar glansandi möppur með merki samtakanna og enn má nefna að fyrstu drög að heimasiðu samtakanna eru komin inn á Veraldarvef Finn.

Alls hef ég farið þrisvar á alþjóðaþing samtakanna. Fyrst fór ég á þingið í Nashville 1994 þar sem Ragnheiður Stefánsdóttir var fulltrúi Íslands en ég átti þá leið um. Næst fór ég á þing Norð-Austursvæðisins í Buffalo 1995. Fyrir þingið var haldið námskeið fyrir nýja formenn Norð-Austursvæðisins. Þar fór fram kennsla í því að stjórna landssambandi og við vorum freddar um samtokin og starfsemi þeirra. Við Sigrún Jóhannesdóttir úr Delta-deild fórum tver á þingið í Columbus, Ohio, sumarið 1996, klifjáðar bókum eftir íslenska félaga sem fóru þar á sýningu. Á þinginu tók Sigrún við miklu af mínum skyldum vegna þess að ég gat ekki setið allt þingið. Meðal annars flutti hún „Thoughts of Inspiration“ fyrir allan þingheim. Þessar ráðstefnur eru mjög lærðómsríkar einkum

fyrir okkur sem komumst svo sjaldan á svona samkomur vegna þess hve samtokin eru smá hér á landi og vanmeglug að kosta fulltrúa sína.

Þetta fosefatímabil mitt hefur að mestu einkennst af því að minnast afmælisins. Meðal þess sem minna skal á 20 ára afmælið er þessi afmælisbók. Þar verður skráð það helsta sem samtokin láta eftir sig liggja á þessu 20 ára tímabili. Eftir að sögurituninni lýkur verða skjöl samtakanna sett í Kvennasögusafn sem opnaði formlega í Landsbókasafni þann 5. desember 1996.

Sé horft fram á veginn tel ég víst að samtokin eigi eftir að taka talsverðum

breytingum í nánni framtíð. Á þinginu í Buffalo 1996 var samþykkt að stofna fimmta svæði ΔΚΓ, Evrópu-svæðið. Þar með verða konur í Evrópu-hluta ΔΚΓ að axla ábyrgð á stjórn samtakanna og þróun þeirra hérra megin Atlantshafsins. Íslenskar komur verða einnig að koma af krafti inn í móturn Evrópustarfssins og vera fúsari að taka að sér embætti og nefndarstörf fyrir samtokin en hingað til. Starfið er mjög gefandi og við gætum nýtt okkur þá möguleika sem í boði eru miklu meira en við höfum gert til þessa. Parna liggja mörög tækifæri sem sjálfsagt er að nýta sér.



Stjórn landssambandsins 1995-1997.

# Ágrip af sögu deilda

## ALFADEILD

Alfadeild Delta Kappa Gamma á Íslandi var stofnuð 7. nóvember 1975 af þáverandi útbreiðslustjóra samtakanna, frú Marie Pierce, en landssamband Iowa-fylkis í Bandaríkjum greiddi stofnkostnað. Stofnendur voru 18 úr ýmsum kennslugreinum og fræðslustörfum, tveir hættu fljóttlega en nú á 20 ára afmælinu eru 36 í deildinni. Konurnar vildu fyrir hvern mun íslenska nafnið og völdu heitið Félag kvenna í fræðslustörfum. Við ákváðum að velja okkur viðfangsefni úr íslensku samfélagi. Starfið hefur því frá upphafi miðast við að kynna sér og fjalla um mennta- og skólamál hér á landi í þeim tilgangi að efla þau og styrkja og jafnframt að hvetja konur sem vinna að bessum málum og víkka sjóndeildarhring þeirra.

A fyrstu árunum störfuðu nefndir innan deildarinnar svo sem félagsmálanefnd

og laganeftnd, sem hafði það hlutverk að þýða og semja lög félagsins að íslenskum háttum innan ramma samtakanna. Einnig starfaði menntamálanefnd og rannsóknaneftnd. Þessar nefndir lögðu fram mikil starf sem kemur fram í skýrslum frá þeim, málin voru redd í deildinni og skýrlur sendar viðkomandi aðilum til ábendingar og athugunar. Þetta hefur ætið verið mikilvægur þáttur í félagsstarfinu.

Lengst af voru fundir haldnir f heimahúsum, en eftir að deildin varð fjölmennari er það erfiðara. Haldnir eru 5-6 fundir á vetrí. Í fyrstu var mest um vert að gefa konum kost á að kynnast og fræðast um starfsvettvang og stöðu hvarrar um sig svo og tilgang og markmið samtakanna. Í ársbyrjun 1977 er rett um frumvarp um fullordinsfræðslu, fram koma breytingatillögur og athugasemdir,



Alfakonur í Árnasafni.



Á vorstefnu 1990. Sigridur P. Valgeirsdóttir, Majorie Allen alþjóðaforseti og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir

einnig er fjallað um frumvarp um framhaldsskóla og athugasemdu komið á framfæri.

1978 er ár barnsins og eru því börnin í brennidipli. Fósturskóli Íslands er heimsóttur og starf hans kynnt. Forskóla-skýrsla var redd.

Á næstu árum eru margvísleg skólamál tekin til umfjöllunar, sem deimi: „Gengi nemenda í grunnskólum og tengslin við framhaldsskóla“, og frumvörp krufin til mergjar, en jafnframt kynna konumar hver um sig sína skóla og sitt starfssvið. Starfað er í hópum utan funda og málin kynnt og reifuð a fundum. Samdar eru skýrlur og álítsgerðir sem sendar eru til fræðslufirvalda og þingmanna. Allt þetta starf jók innbyrðis kynni og leiddi til samheldni í deildinni. Flutt eru erindi um ýmis efni, t.d. skólabókasöfn, sérkennslu og útvarpsrekstur svo eitthvað sé nefnt. 1986 er fjallað um frumvarp til laga um lögverndun á starfsheti og starfsréttindum grunnskólakennara. Siðar er fjallað um einsetinn skóla og samfelldan skóladag. Þá var einnig fjallað um áhrif myndefnis fjölmíðla á börn, og nefnd bjó út smárit undir heitinu „Hvað viljum við að festist í barnshugan-

um?“. Var þessu riti dreift í grunnskóla Reykjavíkur og til foreldrafélaga og kynnt í fjölmíðlum. Einnig voru flutt erindi um uppeldismál og uppeldisskyldu heimila og aðalnámskrá grunnskóla er á dagskrá. Þjóðminjasafnið var heimsótt og fræðst um starfsemi þess. Erindi eru flutt um myndmennt, tónmenntakennslu, kennslu barna með námsörðugleika o.fl.

Árið 1992-3 er fundarefni nefnt „Efst á baugi í menntamálum.“ Voru þá flutt erindi um mótu menntastefnu, nýjar hugmyndir og áfangaskýrslu í þessum efnum. Næsta ár er „Ár fjölskyldunnar“. Þá taka félagskonur sig til og skrifa greinar í Morgunblaðið um ýmis efni sem varða heill og samheldni fjölskyldu og heimilislifs. Birtust þær undir merki samtakanna af og til á árinu 1994. Á síðustu tveimur árum hafa verið flutt erindi um fjölskyldumál, um samstarf heimila og skóla, eflingu málþroska og lestrar- getu barna og ungmenna.

Á öllum fundum deildarinnar eru flutt orð til umhugsunar, ýmist laust mál eða ljóð. Skiptast félagskonur á um þetta. Sumar flytja frumsamín ljóð eða sérsam í hyvatningarord til góðra hluta, en ætið skapa orðin sérstakt andrúmsloft og fylg-

ir yfirleitt blær samheldni og vináttu. Má geta þess að á einum jólfundi fluttu fjórar konur frumsamið efni, nýúkomíð, en á jólfundum er brugðið frá hinu venjulega fundaformi.

Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, varð heiðursfélagi samtakanna 1981. Hún hefur oft setið fundi deildarinnar okkur til mikillar ánægju. Jafnframt höfum við margssinnis notið gestrisni og góðra veitinga hennar á Bessastöðum ásamt góðvilia og uppörvunar til heilla og starfa.

Formenn:	
1975-1978	Þuríður J. Kristjánsdóttir
1978-1980	Margrét Gunnarsdóttir
1980-1982	Sigríður Þ. Valgeirs dóttir
1982-1984	Guðrún P. Helgadóttir
1984-1986	Sjöfn Sigurbjörnsdóttir
1986-1988	Aslaug Brynjólfssdóttir
1988-1990	Valborg Sigurðardóttir
1990-1992	Áslaug Friðriksdóttir
1992-1994	Sigrún Klara Hannesdóttir
1994-1996	Guðrún Halldórsdóttir
1996-1998	Sigríður Kristjánsdóttir

## BETA - DEILD

Beta-deild ÁKG var stofnuð að Hótel KEA, Akureyri, 2. júní 1977. Stofnendur voru 16 konur á Akureyri og nágrenni, flestar grunnskólakennnarar. Síðan hafa ýmsar konur gengið í samtíkin en aðrar yfirgefið þau og ein er látin, Guðrún Jónsdóttir, kennari við Pelamerkurskóla. Hún var ein af stofnendum og ætið sérstakur gleðigjafi á fundum.

Þegar litið er til baka er auðsætt að viða hafa félagskonur komið við og látið

sig ýmis mál varða, en hæst ber þó sú vináttu, sem myndast hefur og sá andlegi og persónulegi styrkur, sem konur hafa veitt hver annarri.

Fundir hafa oftast verið í heimahúsum og skiptast konur á að koma með meðlæti. Hefur sú venja skapast að hafa síðasta fund í byrjun maí og höfum við þá farið út að borda á eftir og er það ætið jafnmikið tilhlökkunarefni.

Einnig hefur fyrsti fundur eftir jól ver-



Beta-deild brýst á landsfund.



Betakonur afhenda forseta Íslands fyrsta eintak bókar sinnar Listakonan í fjörunni.

ið kallaður bókafundur, því þá fjöllum við um bækur og segjum hver annarri frá þeim bókum sem við höfum lesið yfir jólum. Eru konur sammála um að þennan fund megi ekki leggja niður.

Við norðankonur erum mjög forsjálar í peningamálum og tókum strax upp þann síð að hafa happdrætti á fundum. Sú kona sem hlýtur vinningin er skuldbundin að koma með eitthvað í vinning á næsta fund og rifkir sértök spenna að vita hver hreppir hnossið því oft hafa það verið handgerð munir eða eitthvað smálegt, mjög persónulegt.

Margt höfum við tekið okkur fyrir hendur. Við höfum verið með námskeið, t.d. í ensku, viðtalstækni og hráðritun. Þá höfum við framkvæmt tvær kannanir meðal barna og unglunga í nokkrum skólam um á Akureyri. Sú fyrri var matarkönnun og gerð í samráði við félagsbraðideild MA en sú síðari var um sjónvarpsáhorf barna og áhrif þess á háttatíma þeirra.

Við höfum verið duglegar að fara í skólaheimsóknir og höfum heimsótt skólana á Svalbarðsströnd, Dalvík og Húsavík.

Einn vetur ákváðum við að kynna okkur starfsemi sérskólanna á Akureyri,

fórum við ýmist í heimsókn eða fengum fyrirlesara frá skólanum á fund til okkar. Þannig fraðdumst við m.a. um Tónlistaskólan, Myndlistarskólan, Íðnuskólan/ Tækniskólan (síðar Verkmenntaskólan), Starfsdeildina Löngumýrla, Bröttuhlíðarskóla, Hvammshlíðarskóla o.fl.

Eitt sinn tókum við sérstaklega fyrir barnabækur, lásum allar sömu bækurnar og ræddum þær út frá ýmsum sjónarhornum.

Beta-deild gaf út bókina „Listakonan í fjörunni“ er fjallar um alþýðulistakonuna Elísabetu Geirmundssóttur. Til að afla fjár til útgáfunnar höfðum við áður gefið út fimm kort með myndum af listaverkum Elfsabetar og bera þau heitin: Vordógg, Perlan, Huldan í hamrinum, Gleði í litum og Fortuna. Einnig höfðum við hlutið styrki til útgáfunnar frá Menningarsjóði KEA og Verkalýðsfélaginu Eining. Fyrsta tölusetta eintakið var afhent frú Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands, þann 3. nóv. 1989 við hátiðlega athöfn að viðstöddum börnum listakonunnar ásamt allmögum konum úr Beta-deild.

Í tengslum við bókaútgáfuna var okkur boðið að halda sýningu á verkum

hennar í Minjasafninu á Akureyri. Beta-deild sá einnig um kynningu á listakonunni og verkum hennar á kirkjuviku í Akureyrarkirkju.

Fyrir hönd ΔΚΓ tókum við Beta-konur þátt í spurningaleiknum „Réttan á röngunni“ í sjónvarpinu og náðum þar að kynna nafn samtakanna og verk Elísabetar.

Árið 1993 tókum við að okkur stórt verkefni og héldum þann 1. maí Evróupfund hér á Akureyri í tengslum við landssambandsþing ΔΚΓ. Maettar voru á Hótel KEA 37 erlendar og 36 íslenskar konur. Þótti mótið og þinghald allt og skipulagning takast með miklum ágætum. Konum var boðið upp á skoðunarferð og í móttöku hjá bæjarstjórn Akureyrar.

Bryñasta verkefni okkar Beta-kvenna f dag er að fylgja í deildinni og fá til liðs við okkur yngri konur svo við megum halda áfram blómlegu og uppyggjandi

starfi í þágu æsku þessa lands og okkur sjálfum til ánægju og aukinnar þekkingar.

#### Formenn Beta-deilda:

- 1977-1979 Edda Eiríksdóttir  
1979-1980 Ingibjörg Auðunsdóttir  
1980-1982 Þórunn Bergsdóttir  
1982-1983 Anna Þóra Karlisdóttir  
1983-1984 Þórunn Bergsdóttir  
1984-1986 Jóhanna Sigrún Þorsteinsdóttir  
1986-1988 Sigurhanna Salómons dóttir  
1988-1989 Ingibjörg Auðunsdóttir  
1989-1992 Ragnheiður Stefánsdóttir  
1992-1994 Þórunna Þórdardóttir  
1994-1995 Þórunn Bergsdóttir  
1995-1996 Þórunna Þórdardóttir  
1996-1998 Rósa Kristín Júlfusdóttir

Vegna flutninga og heimilisaðstæðna störfuðu formennir ekki alltaf í 2 ár.

## GAMMA - DEILD

Vorið 1977 kom dr Inez Jeffery, formaður útbreiðslunefndar ΔΚΓ, til Íslands til þess að stofna tvær nýjar deilda. Það er regla að stofnum þriggja fyrstu deildanna í nýju landi eru kostaðar af einhverju landssambandi í Bandaríkjunum og þykir það himm mesti heiður að vera styrktaraðili. Það þýdir að styrktaraðilinn greiðir allan kostnað við stofnunina og gefur deildinni þá gripi, sem notaðir eru t.d. við innþokuathafnir. Það er líka regla að deildirnar þarf að stofna á þriggja ára tímaðili.

Puriður J. Kristjánsdóttir og Áslaug Friðriksdóttir, félagar í Alfa-deild, hjálpuðu til við að velja félaga í Gamma-deildina. Hún var svo stofnuð við hátfólega athöfn þ. 5. júní á Hótel Sögu. Inez Jeffery stjórnaði inntökunni og henni til

aðstoðar var vinkona hennar og félagi úr ΔΚΓ, Madge Rudd. Landssamband West-Virginia var styrktaraðili deildarinnar.

Það voru 13 konur teknar inn í deildina á þessum stofnundi en nokkrar, sem hafði verið boðin þáttaka, voru erlendis eða gátu af öðrum ástæðum ekki verið viðstaddir. Þær voru teknar inn með viðhöfn á fyrsta aðalfundi deildarinnar vorið 1978 sem haldinn var á Laugarvatni.

Fyrstu árin var töluverð hreyfing á félögum deildarinnar, sumar hættu kennslu og hurfu til annarra starfa, fóru í framhaldsnám, fluttu úr þeim eða hættu af öðrum ástæðum.

Með trega minnumst við líka tveggja ágætra félaga sem hafa láist, Helgu Gunnarsdóttur sem lést 16. maí 1991,



Inntökuhófn í Gammadeild.

hún var formaður deildarinnar árin 1988-1990, og Helgu Kristínar Möller sem var ein af stofnendum deildarinnar. Hún lést 15. mars 1992. Núna er hópurinn, 29 félagar, mjög samþeldinn og virkur og það hafa skapast hefðir sem gefa starfinu ákveðna festu.

Fyrsti fundur haustsins er alltaf með sérstökum blað, stundum farið í sumarbústað eða byrjað á því að skoða listsýningu eða þ.h. og síðan borðað saman. Á fyrsta fundinum eru rædd viðfangsefni

vetrarins og síðan segja félagar frá ævin-týrum sumarsins.

Jólfundurinn er alltaf hátfólegur með menningarfífa, miklum söng og svo er auðvitað jólaglögg.

Vetrarstarfinu lýkur með gönguferð og grillveislu eða eitthvað gert í þeim dúr.

Auk þess eru 5-6 vinnufundir á hverjum vetri og einhverju þema gerð góð skil allt eftir því hvað efst er á baugi í uppled-is- og skólamálum.

Lagafrumvörp sem snerta uppledji og



Gammadeild á góðri stund.

fræðslu hafa oft verið tekin til umfjöllunar á deildarfundum og fengnir fyrirlæsar utan samtakanna til að fræða félögana um málefnið. Sem dæmi má taka þegar lögð voru fram á Alþingi 1981 „Lög um málefni fathaðra“. Þá voru þau rækilega kynnt og rædd og endaði sú vinna með því að Alþingi voru sendar tillögur til breytinga á frumvarpinu.

Ahrif myndefnis á börn og unglinga var tvívegis tekið til umfjöllunar og var árangurinn af þeirri umræðu að veggspjald var gefið út árið 1990 og dreift á ýmsa staði í byrjun árs 1991. Deildin fékk styrk úr sjóði Knud Knudsens til útgáfunnar.

Veggspjaldið var gefið út að nýju vor-

ið 1995 með nýrri mynd en sama texta. Að þessu sinni var það gefið út í 1000 eintökum og styrkt af Nýherja hf.

#### Formenn:

1977-1978	Pálína Jónsdóttir
1978-1980	Elín Ólafsdóttir
1980-1982	Hertha W. Jónsdóttir
1982-1984	Kristín Halla Jónsdóttir
1984-1986	Sonja Helgason
1986-1988	Sigríður Jónsdóttir
1988-1990	Helga Gunnarsdóttir
1990-1992	Stella Guðmundsdóttir
1992-1994	Pálína Jónsdóttir
1994-1996	Guðný Helgadóttir
1996-1998	Maria Kjeld

## DELTA - DEILD

Delta-deild ΔΚΓ á Vesturlandi var stofnuð á Varmalandi 1987. Reynt hefur verið að halda fundi reglulega, ekki ferri en fjóra á ári, en stundum hafa þó ætlanir raskast og hin bestu áform að engu

orðið. Veður og faerð hafa stundum sett strik í reikninginn, enda langt á milli okkar - frá Akranesi um Borgarfjörð út á Snæfellsnes og vestur í Dalí. Þessar miklu fjarlægdir gera félagsstarfið erfitt,



Nýstofnuð Deltadeild velur formann.



Jólfundur hjá Deltadeild.

en á móti kemur að starfsvettvangur félagskvenna er talsvert fjölbreytilegur svo við getum margt lært hver af annarri. Allmargar konur hafa flutt burt af félagssvæðinu þessi ár sem deildin hefur starfað og víst mættu félagskonur vera fleiri.

Reynt er að hafa fundi formlega en þó ekki of hátíðlega og oftast fáum við einhvern utanaðkomandi til að flytja erindi um einhver áhugaverð efni. Einnig segja félagskonur sjálfar frá því sem þær eru að fást við í starfi og námi, einkum ýmsum sérverkefnum og námskeiðum og ekki síst námsleyfum. Oftast er fundar-efni tengt grunnskólanum, en fátt mannlégt er okkur þó óviðkomandi.

Dæmi um erindi sem flutt hafa verið á fundum okkar:

Skólastefna KÍ - Birna Sigurjónsdóttir.  
Áhrif myndefnis á börn - Sigríður Jónsdóttir.

Fíknefnavandinn - Guðrún Geirsdóttir.  
Saga ΔΚΓ á Íslandi - Sigríður Valgeirsdóttir.

Málþroski og læsi - Elmar Þórðarson.  
Mannlíf á Snæfellsnesi - sr. Rögnvaldur Finnborgason.

Samvinnuháskólinn á Bifröst - Jón Sigurðsson.

Umhverfi og heimilishald í nútíma þjóðfélagi - Hannes Þorsteinsson.

Læsi fullorðinna - Bergþóra Gísladóttir.

Markmið Alþjóðasamtaka ΔΚΓ - Hertha W. Jónsdóttir.

Vináttá barna - Ásþór Ragnarsson.  
Norðræna skólasetrið - Sigurlín Sveinbjarnardóttir.

Kynning á samtökunum - Ragnheiður Stefánsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir

Kona, fjölskylda, samfélag - Rósa Björk Þorbjarnardóttir.

Hugvekja og kynning á Hvanneyrar-kirkju - sr. Sigríður Guðmundsdóttir.

Flutningur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga - Snorri Þorsteinsson.

Gæðastjórn í skólam - Helga Gunnarsdóttir.

Mál sem félagskonur sjálfar hafa haft framsögu um:

Kynning á starfi Reggio Emilia á Ítalíu - Jóhanna Karlssdóttir.

Kynning á námsefninu Markviss málörvun - Hildur Þorsteinsdóttir og Gróða Rögnvaldsdóttir.

Bókasöfn framtíðarinnar - Halldóra Jónsdóttir.

Ferðasaga frá Tansanfu - Ingibjörg Danfelsdóttir.

Námsvöl í Danmörku - Jóhanna Karlssdóttir.

Málræktarátak í grunnskólum - grunnskólakennarar hver frá sínum skóla.

Bandarisk könnun á læsi - Kristín R. Thorlacius.

Skólastjórar og skólastjórn - Þrúður Kristjánsdóttir.

Tengsl í skólkakerfinu frá leikskóla til framhaldsskóla - Jónfna Þorgrímsdóttir.

Jólahald í ýmsum löndum - Sigrún Jóhannesdóttir, Anh-Dao og Hugrún Óladóttir.

Íslenskukennsla á veraldarvefnum - Harpa Hreinsdóttir.

Auk þess hafa verið umræður um bækur, fluttir stuttir pistlar um ýmis efni, lesin ljóð og sungið saman. Listakonur hafa verið sóttar heim og listsýningar

skoðaðar. Næsta veturn er ætlunin að halda áfram umræðum um gæðastjórun, reyna að fjlóga í deildinni og auka söng og tónlistarflutning á fundum. Það sem helst háir starfi deildarinnar er að konur eru önnum kafnar, fjarlægðir eru miklar og stundum erfitt að finna fundartíma sem öllum hentar. Deildin er enn of fámann og mikil hreyfing á félögum skapar óstöðugleika. Styrkleiki deildarinnar er aftur á móti mikið kvennaval, samhugur og vinátta, fjölbreytilegt úrvall skóla og fræðslustofnana á svæðinu og fjölpætt verkefni sem fengist er við.

Formenn Delta-deilda:

1987-1990 Sigrún Jóhannesdóttir.  
1990-1992 Þrúður Kristjánsdóttir.  
1992-1994 Hildur Þorsteinsdóttir.  
1994-1996 Sigrún Jóhannesdóttir.  
1996-1998 Bergþóra Gísladóttir.

## EPSILON - DEILD

Epsilon-deild ÁKG á Suðurlandi var stofnuð 29. apríl 1989 og er því ekki nema átta ára gömul.

Formennsku hafa þær Helga Halldórsdóttir, Ester Hjartardóttir og nú síðast Björg Björnsdóttir gegnt og hafa þær drifist starfið áfram af miklum eldmóði. Núverandi formaður, kosinn 1996, er Elínborg Sigurðardóttir. Fundir eru haldnir til skipti hjá félagskonus svo sem á Flúðum, í Brautarholti, Reykholti, á Selfossi, í Þorlákshöfn og Hveragerði.

Ymislegt hafa konur tekið sér fyrir hendur, s.s. farið út í Viðey og freðst þar um staðinn, brugðið sér í sundleikfimi undir stjórn einnar deildarkonunnar, farið til Þingvalla þar sem séra Hanna María Pétursdóttir tók á móti okkur og einnig

hafa nunnurnar í Hafnarfirði verið heimsóttar.

A fundum hafa málefni af ýmsum toga verið tekin fyrir og fyrirlesarar oft fengir til að fraða okkur.

Sem dæmi um umfjöllunarefni má nefna:

- Móðurmálskennsla í skólum sem Heimir Pálsson fjallaði um.
- Átak Menntamálaráðuneytisins í jafnréttismálum innan grunnskólanna.
- Umfjöllun um læsi.
- Framkvæmdaáætlun Menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000.
- Sorg og sorgarviðbrögð.
- Ný menntastefna; ylirtaka sveitarfélaga á grunnskólunum.



Epsilonondeild stofnuð.

- Sérkennsla í framhaldsskólum.
- Siðferðilegt hlutverk fjölmíðla.
- Námsefnisgerð í tungumálum.
- Listmeðferð.

Margt fleira mætti nefna, en hér skal láta staðar numið.

Nokkuð hefur fækkað í deildinni hjá okkur undanfarið. Er það einkum vegna brotflutnings félaga til annarra bæjarfélaga. Er því ljóst að við verðum að reyna

að fá fleiri konur inn í deildina og verður það okkar næsta verkefni.

Allar höfum við gagn og gaman af bessu starfi.

Formenn:

1989-1992 Helga Hallsdóttir.  
1992-1994 Ester Hjartardóttir.  
1994-1996 Björg Björnsdóttir.  
1996-1998 Elínborg Sigurðardóttir.



Epsilonkonur heimsækja klaustrið í Hafnarfirði.

## ZETA - DEILD

Zeta-deild ΔΚΓ á Austurlandi var stofnuð í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað þann 1. júní 1990.

Frá upphafi hefur aðalmarkmið deildarinnar verið að fylgja félögum en það hefur staðið deildinni mjög fyrir þrifum hve fáar konur hafa tekið þátt í starfinu.

Fundaeftni deildarinnar þessi sex ár sem hún hefur starfað hafa verið fjölbreytileg og mjög fróðleg. Konurnar hafa skipt með sér að hafa framsögu á fundum en auch þess hafa aðrir aðilar komið til okkar á fundi og gert grein fyrir málum sem okkur hefur langað til að fræðast um, svo sem flutning grunnskóla til sveitarfélaga, þátttöku kvenna í stjórmálum, sameiningu sveitarfélaga og áhrif hennar á mennta- og velferðarmál og margt fleira. Meðal þeirra sem hafa komið á fundi til okkar er fólk sem starfar að heilbrigðismálum hér fyrir austan, alþingismenn úr kjördeminu o.fl.

Oft á tíðum hefur reynst erfitt að boða til funda yfir vetrartímann og veður hafa gjarnan hamað því að fundir gætu farið fram. Okkur hefur sýnst að mesta vonin

væri að halda fundi á haustin og vorin þegar síst er von á byljum og skriduföllum.

Svæði Zeta-deilda er talsvert viðfeðmt. Harðasti kjarni deildarinnar hefur lengst af verið starfandi á Héraði og það hefur komið í ljós að konur búsettar á fjörðunum og lengra frá Héraði hafa ekki treyst sér til að starfa með deildinni. Þær hafa verið ein til þjár á hverjum stað og því lítinn stuðning haft af öðrum konum, t.d. þegar fundir hafa verið haldnir yfir vetrartímann og yfir fjallvegi að fara. Hugmyndir um svæðisbundna hópa innan deildarinnar hafa ekki hlitoð hljómgunn. Þær konur sem nú starfa með deildinni eru sammála um að það er kostur að geta hitt aðrar konur sem starfa að fræðslumálum.

Forsenda fyrir áframhaldandi starfi deildarinnar er hins vegar að félögum fjölgji talsvert.

P.S. Síðan formaður sendi þennan pistill hefur sá gleðilegi atburður gerst að teknir voru inn í deildina sex nýir félagar.



Zetadeild stofnuð.



Zetadeildin býður í skógarferð.

Formenn:

1990-1992 Guðrún Jónsdóttir.

1992-1994 Kristín Björk Gunnarsdóttir.

1994-1998 Sigrún Blöndal.



Hópvinna á landsfundu.

# Delta, Kappa, Gamma

Ljóð og lag: Ingibjörg Þorbergs

Sjálf-stað-ar vér stönd-um og sigr - um heim-inn, en sof - um ei sem  
 7 saut Pyrn-i - rós. Við hlíð á æðstu herr - um hreykn-ar loks nú góng-um, það  
 13 við - a kon - ur vit - a ei, því ver - um þeir - a leið - ar - ljós.  
 19 Delt - a Kapp - a Gamm - a vor menntun er vor mætt - ur, þess meig - i syst - ur njóta - a  
 25 nær og fjær, Að síð-menn-ing - u stuð - um, þeim sýn - um vísdóms - veg - inn, já,  
 31 Delt - a Kapp - a Gamm - a til lífs - ins leið - i þær. Delt - a Kapp - a  
 37 Gamm - a til lífs - ins leið - i þær.

## Ljóð

Það hafði oft verið rætt um að þýða söng Alþjóðasamtakanna eða fá íslensk-an söng fyrir samtökin. Jenna Jensdóttir, félagi í Alfadeild, sagði Ingibjörgu Þorbergs frá félagi okkar og markmiðum þess og það varð til þess að Ingibjörg samdi lag og enskan texta og afhenti deildinni nótur og hjóðsnældu. Alfakonur kynntu okkur hinum þetta á landssam-bandspungi 1985. Ingibjörgu var færð rauð rós, blóm samtakanna, í þakkletiskyni og spurð um leið hvort mætti þýða ljóðið á íslensku, það væri þjóðlegra. Skömmu síðar samdi Ingibjörg íslenskan texta við lagið og söng hann inn á hljóð-snældu. Ljóð og lag verður í nýrri söng-bók samtakanna.

Dætur dauðra sanda  
og dimmra skóga,  
sem hjátrá, hræðsla' og  
hörmungar þjá.  
Þeim frelsi skulum fara,  
með freðslu fjörra leysa,  
þær fylgsnum verða að flýja úr  
og frjálsar horfa heiminn á.

Delta, Kappa, Gamma,  
vor menntun er vor mættur,  
o.s.frv.

25. apríl 1985  
Með kærri kveðju til  
Delta Kappa Gamma - Íslandsdeilda  
Félags kvenna í freðslustörfum.

I.P.

## DELTA KAPPA GAMMA

Lag og ljóð: Ingibjörg Þorbergs

Sjálfstæðar við stöndum  
og sigrum heiminn  
en sofum ei sem  
sæt Pyrníros.  
Við hlíð á æðstu herrum  
hreyknar loks nú góngum  
það viða komur vita ei,  
því verum þeirra leiðarljós.

Delta, Kappa, Gamma,  
vor menntun er vor mættur,  
þess mega systur njóta  
nær og fjær.  
Að síðmenningu stuðlum,  
þeim sýnum vísdómsveginn.  
Já ::: Delta Kappa Gamma  
til lífsins leiði þær. :::

## DELTA KAPPA GAMMA TÍU ÁRA

Lag og ljóð: Hildis Egilsdóttir

Syngjandi komun við saman í dag  
í sumarsins birtu og yl (hríðarbyl?).  
Allt er með heilmiklu hátiðarbrag  
enda höfum við ástaðu til.  
Gleðin hér inni er sem himinninn há  
og hjörtu okkar taka að flug  
því felagið ástæla fagna nú má  
allfarsælum áratug.

Við syngjum: Delta, Kappa, Gamma  
Delta, Kappa, Gamma  
Útlent er nafnið, ómar þó vel.  
Delta, Kappa, Gamma  
Delta, Kappa, Gamma  
ómar þó bara vel.

Vestan úr heimi barst vingjarnleg rödd  
vejkandi, björt og hlý.  
Fráin var reyndar í Reykjavík stödd  
til að reka hér erindi ný.  
Hún talaði af áhuga, einörð og djörf  
um alþjóðlegt kvennaval,  
sem ynni við fræðslu og uppeldisstörf.  
Við undruðumst hennar tal.

Við syngjum; Delta, Kappa, Gamma ...

Kennarar ungra og aldraðra í kross  
með ólikust fög og svíð  
létu nú mælkuna flæða eins og foss  
um flest sem kom málínú við.  
Að enduðu tali var stigið á stokk  
og strengd voru dýrustu heit  
til menntunarheilla að fylla þann flokk.  
Það fór eins og alþjóð veit.

Við syngjum; Delta, Kappa, Gamma ...

Alfadeild félagsins upp úr því spratt  
og sýtt var þá báti úr vör.  
Með tímanum fjölgadi telpunum hratt  
það var táp, það var líf, það var fjör,  
því Beta og Gamma, þau brádhressu lið,  
með bjartsýni renndu í hlað,  
örverpið Delta svo enn bættist við.  
Allt var þá fullkomnað.

Við syngjum; Delta, Kappa, Gamma ...

Söguna þekkjun við allar sem ein,  
hún öll mun á bækur skráð.  
Félagið situr á grænkanli grein  
og greðlingum hefur það sáð.  
Mogi það sagur lít bera sín blóm  
í birtu og sumaryl.  
Þá getur við sungið með glæð værum róm.  
Nú er gaman að vera til!

Við syngjum; Delta, Kappa, Gamma ...

## TUTTUGU ÁRA AFMÆLI ALFA-DEILDAR

Lag: Snert hörpu mána,  
eftr Atla Heimi Steinsson

Ger dagamun oss deildin Alfa nú  
í Delta, Kappa, Gamma ég og þú.  
Hér saman skulum tugum fagna tveim,  
ógn túminn lídur hratt um þennan heim.

Að kennslulykill konunum sé hjá  
svo kostulega grísku orðin tjá.  
Við erum samtök alþjóðleg og sterk  
er efla og styðja viljum kvennaverk.

Hér félagskonur fræðslustörfum í  
þær funda um skólamálín æ og sí,  
því mánuð hvern við miðdagssléttan verð  
er mikil rætt um fræðslu af ýmsri gerð.

Við fylgjumst með og fagmenn köllum til  
og fáum þá sem kunna á málum skil  
með fyrirlestra er fjalla um skólamál,  
þá fjarlega er rætt af lífi og sál.

Til umfjöllunar einstök var hver grein,  
öll skólastig og tengslin peirra bein.  
Um fjölskyldu og fjarkefnslu var rætt  
og fjöldamargt um sjónvarpsglápið braett.

Í Alfadeild er afbragðskvenna val,  
þó eina umfram aðra ei nefna skal.  
Með veru sinni Vigdís á vorn hóp  
hún vissan blað og göfgi ætlið skóp.

Að skiptast þannig skoðun okkar á  
það skerpír sýn, því betur augu sjá.  
Og yndislegi er andrúmsloftið allt,  
vart ðórum þvílikt „sammenkomst“ er  
falt.

Við Alfakonur okkar höldum braut  
og uppskeran mun börnum falla í skaut.  
Sjá, kennslulykill kvenna er okkar rós  
með kveikjum honum öllum börnum ljós.  
Áslaug Brynjólfssdóttir

# Stjórnir landssambandsins

### Bráðabirgðastjórn Mars - október 1977

Forseti	Þuríður J. Kristjánsdóttir	Alfa
1. varaforseti	Áslaug Friðriksdóttir	Alfa
2. varaforseti	Margrét Gunnarsdóttir	Alfa
Ritari	Sigríður Kristjánsdóttir	Alfa
Bréfritari	Sigrún Klara Hannesdóttir	Alfa

### 1977-1979

Forseti	Þuríður J. Kristjánsdóttir	Alfa
1. varaforseti	Ingibjörg Auðunsdóttir	Beta
2. varaforseti	Pálína Jónsdóttir	Gamma
Ritari	Guðrún Halldórsdóttir	Alfa
Bréfritari	Elín Ólafsdóttir	Gamma

### 1979-1981

Forseti	Pálína Jónsdóttir	Gamma
1. varaforseti	Hanna Salomonsdóttir	Beta
2. varaforseti	Anna Þóra Karlssdóttir	Beta
Ritari	Hertha W. Jónsdóttir	Gamma
Bréfritari	Þorbjörg Kristinsdóttir	Alfa

### 1981-1983

Forseti	Þorbjörg Kristinsdóttir	Alfa
1. varaforseti	Margrét Kristinsdóttir	Beta
2. varaforseti	Guðrún Jónsdóttir	Beta
Ritari	Sigríður Kristjánsdóttir	Alfa
Bréfritari	Kristín Halla Jónsdóttir	Gamma

### 1983-1985

Forseti	Edda Eiríksdóttir	Beta
1. varaforseti	Jenna Jensdóttir	Alfa
2. varaforseti	Bryndís Steinþórssdóttir	Gamma
Ritari	Hanns Salomonsdóttir	Beta
Bréfritari	Dóra Ingólfssdóttir	Beta

### 1985-1987

Forseti	Pálína Jónsdóttir	Gamma
1. varaforseti	Margrét Eggerisdóttir	Beta
2. varaforseti	Póranna Þórdardóttir	Beta

Ritari  
Bréfritari

Sigríður Jóhannsdóttir  
Þuriður J. Kristjánsdóttir

Alfa  
Alfa

#### 1987-1989

Forseti	Sjöfn Sigurbjörnsdóttir	Alfa
1. varaforseti	Jóhanna S. Þorsteinsdóttir	Beta
2. varaforseti	Jenný Karlsdóttir	Beta
Ritari	Gerður G. fiskardsdóttir	Gamma
Bréfritari	Sigrún Klara Hannesdóttir	Alfa

#### 1989-1991

Forseti	Sigríður P. Valgeirs dóttir	Alfa
1. varaforseti	Sigríður Jónsdóttir	Gamma
2. varaforseti	Sjöfn Ásbjörnsdóttir	Delta
Ritari	Áslaug Friðriksdóttir	Alfa
Bréfritari	Adda Geirdóttir	Epsilon

#### 1991-1993

Forseti	Hertha W. Jónsdóttir	Gamma
1. varaforseti	Hanna Salomonsdóttir	Beta
2. varaforseti	Guðríður Aadnegárd	Epsilon
Ritari	Guðný Helgadóttir	Gamma
Bréfritari	Kristín Halla Jónsdóttir	Gamma

#### 1993-1995

Forseti	Ragnheiður Stefánsdóttir	Beta
1. varaforseti	Magrét Gunnarsdóttir	Alfa
2. varaforseti	Rannveig Löve	Gamma
Ritari	Rósa K. Júlfusdóttir	Beta
Bréfritari	Eygló Eyjólfssdóttir	

#### 1995-1997

Forseti	Sigrún Klara Hannesdóttir	Alfa
1. varaforseti	Sigrún Jóhannesdóttir	Delta
2. varaforseti	Elín Hannibalsdóttir	Epsilon
Ritari	Þuriður J. Kristjánsdóttir	Alfa
Bréfritari	Sigríður Guttormsdóttir	Epsilon

Stjórn raður sér gjaldkera. Gjaldkerar landssambandsins hafa verið:

#### 1977-1989

1977-1989	Anna Kristjánsdóttir	Alfa
1989-	Jakobína Guðmundsdóttir	Alfa

## Delta Kappa Gamma Nafnalisti 1997

**Heiðursfélagi**  
Vigdís Finnbogadóttir

Þóra Kristinsdóttir  
Þorbjörg Kristinsdóttir  
Dr. Þuriður J. Kristjánsdóttir

**Alfa-deild**  
**Stofnuð 7. nóvember 1975**

Áslaug Brynjólfssdóttir  
Ásta Valdimarsdóttir  
Bryndís Viglundsdóttir  
Erna Árnadóttir  
Fanný Gunnarsdóttir  
Guðríður Sigurðardóttir  
Guðrún Halldórsdóttir  
Dr. Guðrún P. Helgadóttir  
Dr. Guðrún Kristinsdóttir  
Gyða Jóhannsdóttir  
Halla Sigurjóns  
Halldóra Eggertsdóttir  
Herdís Egilsdóttir  
Jakobína Guðmundsdóttir  
Jenna Jensdóttir  
Kolbrún Gunnarsdóttir  
Kristín Lilliendahl  
Kristrún Eymundsdóttir  
Lára Björnsdóttir  
Magrét Gunnarsdóttir  
Magrét Harðardóttir  
María Solveig Héðinsdóttir

**Beta-deild**  
**Stofnuð 2. júní 1977**  
Annette J. de Vink  
Hanna Salómons dóttir  
Helga Thorlacius  
Ingibjörg Auðunsdóttir  
Jóhanna Þorsteinsdóttir  
Margrétt Albertsdóttir  
Margrétt Björgvinsdóttir  
Margrétt Eggersdóttir  
Ragnheiður Kjærnested  
Ragnheiður Stefánsdóttir  
Rósa Kristín Júlfusdóttir  
Sigríður Traustadóttir  
Sigrún Magnúsdóttir  
Stefanía Arnórsdóttir  
Þóra Steinunn Gísladóttir  
Póranna Þórbardóttir

**Gamma-deild**  
**Stofnuð 5. júní 1977**  
Bryndís Steinþórssdóttir  
Elín Ólafsdóttir  
Eygló Eyjólfssdóttir  
Dr. Gerður G. Óskarsdóttir  
Guðný Helgadóttir  
Hertha W. Jónsdóttir  
Hrefna Þórarinsdóttir  
Ingibjörg Einarsdóttir  
Jónína Friðfinnsdóttir  
Kristín Bjarnadóttir  
Kristín Jónsdóttir  
Dr. Kristín Halla Jónsdóttir  
Kristjana Stefánsdóttir

Kristrún Ísaksdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Maria Kjeld  
Pálína Jónsdóttir  
Ragnhildur Þórarinsdóttir  
Rannveig S. Sigurðardóttir  
Rannveig Löve  
Sigríður Jónsdóttir  
Sigrún Ádalbjarnardóttir  
Dr. Sigrún Ádalbjarnardóttir  
Sigrún M. Proppé  
Sonja B. Helgason  
Stella Guðmundsdóttir  
Valgerður S. Jónsdóttir  
Vilborg Dagbjartsdóttir  
Pórunn Björnsdóttir

**Delta-deild**  
**Stofnuð 2. maí 1987**

Aldís Eiríksdóttir  
An-Dao Tran  
Bergþóra Gísladóttir  
Gyða Bergþórsdóttir  
Halldóra Jónsdóttir  
Helga Guðmarsdóttir  
Hildur S. Þorsteinsdóttir  
Hugrún Óladóttir  
Jensína Valdimarsdóttir  
Jóhanna Karlisdóttir  
Jónína Eiríksdóttir  
Jónína Þorgrímsdóttir  
Kristín S. Thorlacius  
Magnea Jóhannsdóttir  
Sigrún Jóhannesdóttir  
Steinunn Ingólfssdóttir  
Þruður Kristjánsdóttir

**Epsilon-deild**  
**Stofnuð 29. apríl 1989**

Ásborg Arnþórsdóttir  
Björg Björnsdóttir  
Bolette Höeg Koch  
Elín Hannibalsdóttir  
Elínborg Sigurðardóttir  
Erna S. Ingvarsdóttir  
Ester Hjartardóttir

Guðríður Aadnegaard  
Guðrún P. Björnsdóttir  
Guðrún Einarsdóttir  
Guðrún Ingvarsdóttir  
Harpa Hreinsdóttir  
Helga Halldórsdóttir  
Kolbrún Guðnadóttir  
Margrét Magnúsdóttir  
Pálína Snorradóttir  
Rut Guðmundsdóttir  
Sigfriður Sigurgeirs dóttir  
Sigfriður Guttormsdóttir  
Sjöfn Sigurðardóttir  
Vera Ósk Valgarðsdóttir

**Zeta-deild**  
**Stofnuð 1. júní 1990**

Asta María Hjaltadóttir  
Berit H. Johnsen  
Helga K. Hreinsdóttir  
Helga Steinsson  
Hrefna Egilsdóttir  
Kristín Björk Gunnarsdóttir  
Laufey Ólafsdóttir  
Margrét Sigbjörnsdóttir  
Sif Vigþórsdóttir  
Sigríður Sigmundsdóttir  
Sigrún Blöndal  
Sigurborg Ragnarsdóttir  
Sigurveig Halldórsdóttir  
Sjöfn Jóhannesdóttir  
Stefanía Steinþórsdóttir  
Þórey Hannesdóttir

**Eta-deild**  
**Stofnuð 6. júní 1997**

Auður Torfadóttir  
Ásta Lárusdóttir  
Ásthildur S. Rafnar  
Bryndís Guðmundsdóttir  
Elísabet Gunnarsdóttir  
Elísabet Kristinsdóttir  
Eyrún Í. Gísladóttir  
Gerður Guðmundsdóttir  
Guðbjörg Vilhjálmssdóttir  
Guðrún Geirsdóttir  
Hafdís Ingvarsdóttir

Hafdís Sigurgeirs dóttir  
Halldóra E. Kristjánsdóttir  
Inga Margrét Róbertsdóttir  
Ingibjörg Símonardóttir  
Jóhanna V. Þórhallsdóttir  
Kristín Guðmundsdóttir  
Magnea Ingólfssdóttir  
Magrét Friðriksdóttir

Oddný Hrönn Björgvinsdóttir  
Ósa Knútsdóttir  
Rannveig G. Lund  
Sigríður Erla Sigurbjörnsdóttir  
Sigrún Júlíusdóttir  
Sophie Kofoed-Hansen  
Stefanía V. Stefánsdóttir  
Þorgerður S. Guðmundsdóttir

## Gríska stafrófið

A	alfa	N	ny
B	beta	Ξ	ksí
Γ	gamma	Ο	omikron
Δ	delta	Π	pí
E	epsilon	Ρ	hró
Z	dseta	Σ	sigma
H	eta	Τ	tá
Θ	þeta	Υ	ypsilón
I	íota	Φ	fi
K	kappa	X	khí
Λ	lambda	ψ	psí
M	my	Ω	ómega

